

## Rýnt í ritstuld úr svörtum víkingi (síðari hluti)

### *Nokkur persónuleg aðfaraorð*

Hér gefur að líta síðari hluta greinarinnar *Rýnt í ritstuld úr svörtum víkingi*, en fyrri hluti greinarinnar kom út í *Tímaritinu Sögu* á vormánuðum 2022.<sup>1</sup> Fjallað er um ritstuld núverandi seðlabankastjóra dr. Ásgeirs Jónssonar úr verki mínu *Leitin að svarta víkingnum* (hér eftir *LSV*), sem fyrst kom út í Noregi árið 2013 undir heitinu *Den svarte vikingen* (hér eftir *DSV*). Bók Ásgeirs kom út fyrir jólin 2021 undir heitinu *Eyjan hans Ingólfs* (hér eftir *EHI*).

Forsaga þessa ritstuldarmáls er orðin ærin, en fyrir þá sem vilja kynna sér málið bendi ég á yfirlýsingu mína sem birtist á *Vísi* 7. mars 2022, þar sem málið er stuttlega rakið frá mínum sjónarhóli.<sup>2</sup> Við þetta er að bæta að fyrrverandi siðanefnd Háskóla Íslands sem tók málið til umfjöllunar sagði af sér í mótmælaskyni vegna afskipta Jóns Atla Benediktssonar rektors af málinu. Rektor skipaði síðan nýjan formann siðanefndar og hefur ný siðanefnd nú sent mér bréf þess efnis að Ásgeir hafi verið í leyfi frá störfum við Háskólann og því vísi siðanefnd málinu frá. Eða með öðrum orðum virðist maður í leyfi frá Háskóla Íslands mega ástunda ritstuld eða hvað annað misjafnt, án þess að siðanefnd gefi sig að því.<sup>3</sup> Niðurstaðan kom ekki á óvart í ljósi þess hvernig rektor hélt á málum, en er þó ekki endilega samhljóða því hvernig litið er á slík mál í háskólasamfélögum siðmenntaðra þjóða. Í viðbót við þetta sendi lögmaður minn inn kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna frávísunar málsins. Fulltrúi umboðsmanns, Helgi I. Jónsson, fylgdi síðan í einu og öllu hinni nýju siðanefnd, sem aftur virðist lúta vilja rektors núorðið og klykkti út með eftirfarandi röksemdarfærslu: „Við mat á því hvort ákvörðun siðanefndar 11. apríl sl. um að vísa frá nefndinni erindi Bergsveins hafi samræmst reglunum hefur þýðingu að málsmeðferð fyrir henni leggur á aðila máls skyldur sem eru í eðli sínu íþyngjandi fyrir þann sem borinn er sökum um að hafa brotið gegn siðareglunum.“<sup>4</sup>

---

<sup>1</sup> Bergsveinn Birgisson, „Rýnt í ritstuld úr svörtum víkingi“, *Saga LX*, nr.1 (2022): 168–191. Greinin er einnig aðgengileg rafrænt á heimasíðu tímaritsins, *Vef. SAGA*, Úr tímaritinu, sótt 27. október 2022 af <https://saga.sogufelag.is/umsagnir/rynt-i-ritstuld-ur-svortum-vikingi/>.

<sup>2</sup> *Vef. Bergsveinn Birgisson*, „Yfirlýsing vegna ritstuldar úr Leitinni að svarta víkingnum“, *Vísir* 7. mars 2022, sótt 11. mars 2020.

<sup>3</sup> Aðalheiður Jóhannsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ármann Höskuldsson, Frávísun á máli siðanefndar Háskóla Íslands nr. 4/2021, ópr. bréf, dags. 11. apríl 2022.

<sup>4</sup> Helgi I. Jónsson (umboðsmaður Alþingis), mál nr. 11662/2022, ópr. bréf dags. 6. júlí 2022, bls. 4.

Setningu Helga I. Jónssonar er örðugt að skilja öðruvísi en sem svo að hér sé vísað í það andlega álag sem Ásgeir Jónsson hafi orðið fyrir sökum míns erindis til siðanefndar. Virðist það sett fram sem rök fyrir rétttri ákvörðun nýrrar siðanefndar um að vísa málinu frá; m.ö.o. virðist mögulegt andlegt álag á Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóra, sett ofar prinsippum siðareglna í fræðastarfi. Fátt lýsir betur inn í kjarna vandans sem við er að etja en þetta tilsvafr frá umboðsmanni Alþingis.

Sem fyrr segir þá skrifaði ég stutta greinargerð um málið, sem birtist á *Vísi* hinn 8. desember 2021, og sendi hana jafnframt til siðanefndar Háskóla Íslands. Síðan skrifaði ég ítarlegri fræðigrein þar sem ég rakti málið á fræðilegum grunni og setti það í víðara alþjóðlegt samhengi. Fyrri hluti greinarinnar birtist í *Tímaritinu Sögu*, síðari hlutinn hér á minni heimasíðu. Í greinum mínum er tveimur textum eða varnarræðum svarað; annarsvegar álitargerð Helga Þorlákssonar, fyrrverandi prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands, sem Ásgeir hafði samband við og virðist hafa fengið til að svara fyrir sig á opinberum vettvangi.<sup>5</sup> Hinsvegar er um að ræða varnarræðu Ásgeirs Jónssonar sjálfs, sem styðst að mestu leyti við álitargerð Helga.<sup>6</sup> Álitargerð Helga miðaði markvisst að því að hvítþvo Ásgeir af öllum ásökunum.

Svo hugljúfir hafa ritstjórar *Sögu* verið, að þeir hafa gert grein mína aðgengilega á vefsíðu tímaritsins, og getur þar hver sem er lesið fyrri hluta greinarinnar, „Rýnt í ritstuld úr svörtum víkingi“.<sup>7</sup> Snúið er að koma efni þeirrar greinar til skila í stuttu máli hér, en þar byrja ég á að skoða ritstuld (enska: plagiarism) í alþjóðlegu samhengi, og þau lög og þær reglur sem siðmenntuð samfélög hafa komið sér saman um til að reyna að girða fyrir slíkt. Síðan tek ég nokkur dæmi úr bók Ásgeirs sem ég flokka undir „rannsóknarstuld“. Geri ég grein fyrir því hvernig um er að ræða endursögn á sértækum túlkunum og rannsóknum úr mínu verki, og sýni hvernig það er kynnt ýmist sem rannsókn höfundarins Ásgeirs Jónssonar eða sem almenn þekking, án nokkurra tilvísana í heimildir.

### *Tilviksrannsókn (e. case-study) í Íslandi*

Mig langar að nota tækifærið hér í aðfaraorðum, og skoða aðeins dæmið líkt og utanfrá, tilvistarlega eða heimspekilega, ef svo má að orði komast. Hér varpar lítið dæmi ljósi á miklu stærri vanda sem tæpt var á að ofan og snýr að því að búa í prinsiplausu samfélagi. Í þessu máli hefur maður

---

<sup>5</sup> Vef. Helgi Þorláksson, „Um ásakanir Bergsveins Birgissonar á hendur Ásgeiri Jónssyni um ritstuld, dags. 6. jan. 2022,“ sótt 7. janúar á Facebook-vegg Ásgeirs Jónssonar.

<sup>6</sup> Ásgeir Jónsson, „Fjórátan rangfærslum Bergsveins svarað,“ *Vísir*, 15. febrúar 2022.

<sup>7</sup> Vef. <https://saga.sogufelag.is/umsagnir/rynt-i-ritstuld-ur-svortum-vikingi/>.

skyndilega komið auga á það sem undir býr, fengið það í andlitið ef svo mætti segja, svo ekki er hægt að líta undan. Reynslu mína af þessu máli má kannski orða sem svo að ég hafi fengið Ísland í andlitið.

Ég opna sem sagt bók og byrja að sjá mínar hugmyndir og rannsóknir hafðar þar í frammi. Vísað er í rostungaveiðar Geirmundar heljarskinns á Hornströndum og við Breiðafjörð eins og það sé „almenn þekking“, en það hefur hvergi komið fram fyrr en í *LSV*. Vísað er til tengdasonar Geirmundar, Ketils gufu, og mín túlkun á hans reikula lífi endursögð frá upphafi til enda. Hvergi er minnar bókar getið, og eru þó 81 stykki neðanmálgreinar með vísun til fræðiritra í bók Ásgeirs. Mín tilgáta um Hrafna-Flóka sem rostungsveiðimann er endursögð. Tilgáta mín, byggð á margra mánaða örnefnarannsókn, um að Hjör faðir Geirmundar hafi búið á Ögvaldsnesi í Rogalandi er kynnt sem söguleg staðreynd. Jafnframt segir Ásgeir að Norðmenn hafi siglt eftir öllum Norðurveginum alla leið til Bjarmalands í leit að rostungi, nokkuð sem hvergi er lýst nema í minni bók. Þessi tvö síðastnefndu atriði munum við skoða hér að neðan í viðbót við nokkur önnur, en þau þrjú fyrrnefndu voru tekin fyrir í *Tímaritinu Sögu*.

Ég hugsa, þegar ég sé mitt efni haft eftir, að Ásgeir sé ekki í þessu af neinni alvöru. Hann hefur ekki sett sig inn í fræðin sómasamlega. Ásgeir fullyrðir að Hjör hafi setið á Ögvaldsnesi, sem reyndar var mín tilgáta, en nokkru síðar segir hann að Geirmundur, sonur hans, sé frá Hörðalandi — frá allt öðru fylki. Ásgeir talar um einhverja stríðsmannastétt í Noregi sem var landaðall og aðskilur það frá sækonungum við Norðurveginn. Hann hefur ekki sett sig inn í grundvallarstaðreyndir hvað varðar sögulegar aðstæður í Noregi á tímabilinu, þar sem sækonungar voru einmitt hin stríðandi stétt sem réðu löndum. Framsetning Ásgeirs er ruglingsleg, hann veður úr einu í annað, hvorki fylgir hann neinum ákveðnum persónum (og segist samt miða á að endursegja fjölskyldusögur), né neinu ákveðnu sjónarhorni á efnið. Framsetningin afhjúpar að hann hefur ekki gefið sér neinn tíma til að melta það efni sem hann er að miðla. Og úr því að maðurinn er greinilega ekki í þessu af alvöru, af hverju þá að vera hnýta í hann?

Ásgeir er með alla frasana á hreinu, hann segist hafa haft bókina í smíðum á síðustu „árum eða áratugum“, og svo skrifar hann undir lok bókar: „Ég vona því svo sannarlega að framangreind umfjöllun af minni hendi verði upphaf að nýrri umræðu um landnám Íslands“ (bls. 193).

Einmitt! Þar kom það fram. Ásgeir lítur þannig á málin sjálfur að hann hafi í raun og veru komið með eitthvað nýtt inn í umræðuna, hann lítur á sig sem byltingarmann fræðanna, án þess þó að hafa sinnt þeirri miklu rannsóknarvinnu sem slíkt útheimtir, hvað þá að finna hugsunum sínum eitthvert lesvænlegt form sem gæti vakið áhuga á efninu. Ásgeir hefur tekið vinnu annarra og gert að sinni. Á að hnýta í slíkt fólk?

En svo hugsa ég: þetta snýst alls ekki um mig persónulega eða mína bók. Ég er fræðimaður og hef reynt að stunda mitt starf af alvöru. Það er búið að stela minni vinnu, minni hugsun og mínum rannsóknum: hvaða skilaboð eru það ef ég geri ekkert?

Það voru tvær útgönguleiðir eins og ég leit á málið: annaðhvort að láta stela frá sér og láta doðann taka sig, eða láta í sér heyra og segja að þetta sé ekki í lagi. Ég tilheyri sem betur fer ekki valdaelítu þessa lands, ég myndi flokkast sem alþýða, og kannski greinir maður í þessu einhverja undirliggjandi hugsun: að það sé sjálfsagt að stela frá alþýðu manna í þessu landi. Aðalefnahagsráðgjafi Kaupþings og fyrrverandi fjármálaráðgjafi Gamma, Ásgeir Jónsson, er ef til vill ekki alveg framandi gagnvart slíku viðhorfi. Og hér hefur hann með sér gildin úr peningamenningunni yfir í fræðastarfið. Vandinn á Íslandi er sá að það er bara ein valdaelíta, og hún er afskaplega fáliðuð og aðhaldslaus. Og hún stendur saman.

Ég ákvað að láta í mér heyra. Taka höggið á kassann og líta á þetta sem borgaralega skyldu fyrir starfsbræður og -systur í stétt rithöfunda og fræðimanna. Hver sem er getur lent í þessu, en nú fæ ég tækifæri til að sýna mína afstöðu. Ég geri mér grein fyrir að það muni taka á, en ég reiði mig á stuðning annarra og á að sannleikur málsins að „síðustu vegina jafni“.

Ég skrifa stutta greinargerð og tíni til nokkur dæmi. Sendi til siðanefndar og birti á *Vísir* 8. desember 2021, því ég vil að fólk sé upplýst, og ekki síst að forlagið sé upplýst um hvað það hefur gefið út, og fær nú tækifæri til að laga í samráði við höfund. Viðbrögðin eru þvert á móti slíkum vonum.

Ásgeir hringir í mig og segist ekki skilja neitt hvað ég sé að hugsa. Ásgeir segist hafa lesið Svarta víkinginn „á sínum tíma eins og allir gerðu“, hann skilji ekki af hverju ég sé að gera þessa árás á hann, hann sem er ættaður af sama svæði og ég. Ég tjáði honum að þetta snérist um grundvallaratriði, um almennt siðferði meðal fræðimanna sem verði að virða ef fræðin eiga að standa, að ég hafi ekkert á móti honum persónulega. Í kjölfarið byrjuðu högginn að dynja á mér úr ólíklegustu áttum.

Sverrir Jakobsson, bróðir forsætisráðherra, stígur fram og segir að bókin mín sé „leikmannspanki“, sé ekki alvörugefið fræðirit. Skilja mátti á Sverri í viðtali við *Vísir* að ég sé alþýðufræðimaður sem trúi blint á *Landnámabók*, kunni ekki að skrifa eins og sagnfræðingur.<sup>8</sup> Af þessum sökum, eins og lesa má milli línanna hjá Sverri, sé allt í lagi þó að stolið sé frá mér. Það má stela frá alþýðufræðimanni sem skrifar leikmannspanka, annað gildir sennilega um „alvöru“ sagnfræðinga eins og Sverri Jakobsson. Hér má greina enduróminn af hugsuninni sem reifuð var að ofan, að sjálfsagt sé að stela af alþýðunni. Þetta kom á óvart, en kannski var við þessu að búast á þeim bænum?

---

<sup>8</sup> Nína Richter, „Fullyrðir að hvorugt ritið sé sagnfræðirit,“ *Vísir* 10. desember 2021.

Þessu næst stígur fram gamall karl að nafni Finnbogi Hermannsson, líkt og vakinn upp úr kör sinni af seiðkörlum *Morgunblaðsins*, og ásakar mig um ritstuld og lygar. Var það hluti af herferð *Morgunblaðsins* gegn mér. Ég átti frænda sem í daglegu tali var nefndur Steinólfur í Fagradal. Hann sagði mér ýmsar skemmtilegar sögur þegar ég var húsgangur hjá honum á yngri árum og gerði út bátinn hans uppúr 1990. Notaði ég nokkrar þessara sagna í skáldsögu sem ég gaf út árið 2010 og hét *Svar við bréfi Helgu*. Gat ég þess í eftirmála að ég hefði nýtt sagnir hans líkt og annarra sagnamanna, sem er annars sjaldgæft að gera í skáldsögum. Finnbogi hafði mörgum árum síðar tekið viðtöl við Steinólf og tekið við pappírnum hans og ætlað að gefa út á bók, og út frá þeim ásetningi gerði hann sögur frænda míns að sinni eign. Reyndar átti Finnbogi lítið í endanlegri bók Steinólfs þegar allt kom til alls, því handrit hans að bókinni var á sínum tíma ólæsilegt, enda maðurinn gjörsneyddur frásagnargáfu og stíltilfinningu eins og Steinólfur frændi bjó yfir. Páll Valsson, bókmenntafræðingur, kom þá til sögunnar og að þessu handriti strönduðu, og fór aftur í þau bréf Steinólfs og viðtöl sem til voru, og bjó til bók úr og er það sú bók sem kom út undir heitinu *Einræður Steinólfs í Ytri-Fagradal*. Vorum við Finnbogi fyrir löngu síðan búnir að taka þessa samræðu og settla málin, en semsé: þetta var það eina sem *Morgunblaðið* gat fundið á mig. Þá hugsuðum við að nú væru flestir sótraftar á sjó dregnir. Fyrirsagnir *Morgunblaðsins* tengdu mig við ritstuld og lygar, og ekki var annað að sjá en það væri helst það sem fólk læsi í þessu landi, a.m.k. tjáði forlagið mitt mér að salan á nýju bókinni minni sem kom út um haustið, hefði hrunið eftir herferð *Morgunblaðsins*.

Ásgeir kom fram í fjölmiðlum og lýsti því yfir að hann hefði aldrei lesið bók mína. Jafnframt fullyrti hann að hann hefði aldrei verið þjófkenndur fyrr. Þá steig fram Árni H. Kristjánsson, sagnfræðingur, og sagði það ekki vera allskostar rétt. Ásgeir hafi starfað fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis um fall sparísjóðanna og skrifað um forsögu sparísjóða eða sama efni og var í bók Árna. Sérfróðir matsmenn á vegum Alþingis höfðu einmitt úrskurðað að um umfangsmikinn ritstuld hafi verið að ræða.<sup>9</sup> Alltaf er maður að bíða eftir stuðningi frá Háskólanum. Allir þegja. Nema einn maður, Viðar Hreinsson að nafni. Þöggunin er ein stærsta meinsemd íslensks samfélags. Þöggun er meinlaus — þangað til brotið er á einhverjum.

Ég hugsaði: það hlýtur einhver að sjá alvarleika málsins – og skilja að þeirra eigin vinna er í húfi ef ekki er staðinn vörður um grundvallarreglur eins og þær sem brotnar eru í þessu máli? Ég talaði við Rithöfundasamband Íslands, þar sem ég hef verið meðlimur í á annan áratug. Þar var mér aðeins óskað góðs gengis. Ég gæti reynt að tala við Hagþenki. Þar er ég reyndar ekki meðlimur þar sem ég

---

<sup>9</sup> Guðmundur Jónsson og Páll Sigurðsson, Álitsgerð sérfróðra matsmanna til Alþingis 3. júlí 2015. Í vörslu höfundar.

hef skrifað mínar fræðibækur á norsku og heyri undir samtök fræðibókahöfunda í Noregi, en reyndar hefur mér skilist að hjá Hagþenki sé ekki heldur feitan gölt að flá í slíkum málum.

Ég vil þó geta þess að fjölmargir einstaklingar hringdu og höfðu samband, án þess að þeirra nafna sé getið hér og klöppuðu mér á öxl. Sumir þessara einstaklinga höfðu svipaða reynslusögu að segja, þó án þess að þeir hafi nennt að taka slaginn eða höfða mál á hendur ritþjófum. Ég veit líka að margir hugsuðu sitt, þó þeir hefðu ekki samband. Ég minntist þess þegar ég sjálfur varð vitni að Kristínu Eiríksdóttur taka slaginn með sitt verk, *Hystory*; ég hafði jú ekki haft samband við hana og þakkað henni fyrir það starf í þágu okkar allra. Ég hugsaði með mér að það væri rangt að vera að hringja í fólk og segja slíkt — en nú hugsa ég öðruvísi. Ég hringdi síðan þegar ég var í sömu súpu hafnaður, og það var firna gott samtal við Kristínu. Þá ber að nefna að í slíkum tilvikum sér maður skýrt hverjir eru alvöru vinir manns og hverjir ekki. Kæraþan mín stóð sem klettur bakvið sinn mann, ekki byði maður í að standa alfarið einn í slíku.

Mér varð loks að ósk minni með viðbrögð frá Háskólanum — með öfugum formerkjum þó. Helgi Þorláksson, prófessor emerítus í sagnfræði við Háskóla Íslands, virtur maður í sínu fagi, skrifar langa varnarræðu til handa Ásgeiri. Í stuttu máli beinist hans röksemdarfærsla að því að ég sé ólesinn í efninu og hafi engin rök fyrir máli mínu. Helgi Þorláksson velur að kynna málið á þann veg að ég sé að halda því fram að Ásgeir hafi stolið frá mér þeirri tilgátu um að fyrstu landnemar hafi verið rostungsveiðimenn — nokkuð sem ég hef aldrei sagt né skrifað nokkurs staðar. Nokkru fyrr hafði nefnilega slíkur kvittur byrjað að kvisast út, og gerði Helgi sér mat úr því. Lítt ígrunduð komment hrönnuðust inn á *Facebook*. Mér voru gerðar upp annarlegar hvatir, svo sem að reyna með brögðum að vekja athygli á verkum mínum, að þetta væri eitt allsherjar „markaðssetningargigg“ af minni hálfu. Salan á nýju bókinni hrynur. Hugrenningartengsl algrímsins við Bergsvein Birgisson eru «ritþjófur», «lygari», «athyglissýki» og „alþýðufræðimaður“. Fólk á götu mætir mér með Skarphéðins-glotti á vör.

Það er þó alltaf til þessi siðanefnd Háskóla Íslands sem hlýtur að taka á málinu málefnalega. Ég huggaði mig við það. Þá erum við komin að því sem kalla mætti rúsínuna í pylsuenda þessa ritstuldarmáls.

Rektor Háskóla Íslands, Jón Atli Benediktsson, blandar sér í málið, þó honum eins og öllum öðrum sé ljóst að siðanefndin sé sjálfstætt starfandi nefnd sem hann ætti ekki að hafa nein yfirráð yfir. Hér ber okkur að áður nefndri meinsemd íslensks samfélags, litlu valdaelítunni sem stendur saman og leikur sér að því að þyrlla ryki í augu almennings og svæfa þau mál sem eru gagnrýniverð og gætu ógnað tilvist hennar. Ásgeir vill fyrir alla muni ekki að siðanefnd taki málið fyrir, greinilegt er að hann óttast málefnalega umfjöllun og afhjúpun. Rektor kom honum þá til bjargar. Siðanefndin sagði af sér þegar

upp komst um samskipti rektors og Ásgeirs á bakvið tjöldin, á bakvið siðanefndina. Rektor vill meina að þetta sé rangt ályktað hjá siðanefnd, að taka málið fyrir, og tjáir sig um það opinberlega.

Ljóst er að ekki eru öll samskipti milli Ásgeirs Jónssonar og rektors komin upp á borð í þessu máli. Ásgeir sendi rektor bréf þann 28. janúar 2022 þar sem hann óskar eftir stuðningi hans í málinu. Það hefur þó komið á daginn að rektor hafði þantað lögfræðilegt álit á þessu tiltekna máli löngu fyrr, eða greinilega fljótlega eftir að málið kom upp. Álitid snýst um skyldur starfsmanns í leyfi gagnvart Háskólanum. Álit eða minnisblað Trausta Fannars Valssonar, dósents í stjórnsýslurétti, barst rektor þann 4. janúar 2022. Þótt niðurstaðan sé að starfsmenn Háskólans í launalausú leyfi séu ekki „háskólaborgarar“ í eiginlegum skilningi (þetta plagg ber þess merki frá upphafi til enda að vera þöntuð niðurstaða), setur lögfræðingurinn endalausá fyrirvara, sem síðan er litið framhjá eins og þeir séu ekki til, bæði hjá nýrri siðanefnd og umboðsmanni Alþingis. Það sem gleymist í þessu öllu saman, er áður nefndur frasi Ásgeirs þar sem hann fullyrðir að hann hafi *unnið að bók sinni á „síðustu árum og áratugum“ (Eyjan hans Ingólfs, bls. 11)*. Ef því mætti treysta hefur hann ástundað ritstuld meðan hann var starfsmaður, og reyndar forseti hagfræðideildar HÍ.

En niðurstaðan sem fæst úr þessu, er að starfsmanni í launalausú leyfi frá Háskóla Íslands er frjálst að ástunda ritstuld að eigin vild, meira að segja meðan hann er starfandi við Háskólann, bara svo lengi sem hann skráir sig í leyfi *meðan verkið með ritstuldinum kemur út*. Fráfarandi siðanefnd kallaði þetta „ósigur“ fyrir íslenskt fræðasamfélag. Mér kemur þetta meira fyrir sjónir sem niðurlægning. Ástæðan er einföld. Það fyrsta sem nemandi við háskóla lærir í heimspekilegum forspjallsvísindum er sú hugsjón þessarar æðstu menntastofnunar landsins að þar eigi viðkomandi að leita sannleikans fordómalaust og án allra hagsmuna af hvaða tagi sem er, til dæmis pólitískra. Ekki fæ ég betur séð en starf rektors í þessu máli hafi litast af þjónkun við pólitíska hagsmuni, að gæta þess að ekki falli blettur á fald seðlabankastjóra.

Þannig er forsagan í stuttu máli.

Sumt af þessu var alveg viðbúið, annað hefur fengið mann til að gapa af undrun. Mér finnst ég vera meiri útlendingur í þessu landi en nokkru sinni fyrr, enda þótt ég sé fluttur heim. Maður þarf að vinna markvisst að því að láta ekki vissar neikvæðar tilfinningar taka yfir í sálarlífinu. Mér hefur skilist að Ísland sé komið á þann stað að blaðafyrirsagnir séu nóg til að móta skoðanir almennings, en hitt er að sumir blaðamenn formúlera ekki fyrirsagnir nema útfrá einni breytu: markaðsvænleika. Þeir ljúga óáreittir.

Mig fer að langa til að hætta að skrifa á minni eigin tungu, nema fyrir sjálfan mig. Ég taldi mig vera að gera fræðasamfélaginu og rithöfundastétt þessa lands góðverk, en uppsker hruflað mannorð,

herferðir og þögn. Ég undrast þetta allt saman. En því miður eru þetta tilfinningarnar sem ég hugsa mér að allir sem taka slaginn sitji uppi með, þegar og ef „kerfið“ bregst og restin þegir.

En ég held sjó. Þrátt fyrir að hafa um alllangt skeið haft óbragð í munni yfir þessari innsýn í valdastrúktúr landsins, vissa fjölmiðla sem hygla elítu, og það hvernig hún treður prinsipp niður í svaðið. Og þrátt fyrir að fá í andlitið að svokallaðir „virtir“ sagnfræðingar innan háskólasamfélagsins hafa tekið þátt í þessari herferð gegn mér, þvert á heilög grundvallaratriði sem gera vinnu þeirra mögulega, þrátt fyrir að aðrir fræðimenn hafi þagað, þrátt fyrir að sjá nýskipaða siðanefnd lúta í einu og öllu einræði rektors í pólitískum innherjaviðskiptum: þrátt fyrir allt þetta hef ég valið að verða ekki bitur.

Ég tel mig hafa gert það eina rétta og gert mína skyldu þegar kallið kom. Málið hefur rænt mig vinnufriði um langt skeið, en í staðinn hef ég búið þannig um hnútana að hver sá sem vill kynna sér málið af gjörhygli, getur gert það. Í viðbót við mína upprunalegu greinargerð frá 8. desember, texta Helga Þorlákssonar og Ásgeirs Jónssonar, má lesa grein mína í *Tímaritinu Sögu*, og framhald þeirrar greinar, eins og áður segir, hér að neðan.

Bið ég nú þá lesendur sem vilja lesa áfram að afsaka að tónninn verður ögn fræðilegri, en reyndar er ég ekki alþýðufræðimaður eins og Sverrir, Helgi og Ásgeir velja að kynna mig til sögu, heldur fræðimaður með doktorsgráðu og heiðursdoktorsnafnbót sem hefur skrifað á fimmta tug fræðilegra greina og ritgerða í mínu fagi auk nokkurra bóka. Nýjar aðferðir mínar við að reyna að ná út til fleiri lesenda í bókum eins og *Leitinni að svarta vikingnum* velja áðurnefndir herrar að túlka sem svo að ég sé „amatör“ sem kunnir ekki skil á hefðbundnu handverki innan akademíunnar. Hef ég haldið tilvísunum á sama formi og venja er í *Tímaritinu Sögu*, og er hér um beint framhald þeirrar greinar að ræða. Tilvísanir til sumra rita sem vísað er í hér að neðan eru mögulega styttrar, en upprunalegar tilvísanir má í þeim tilvikum finna í greininni í *Sögu*.



## Rýnt í ritstuld úr svörtum víkingi – síðari hluti

*Hjör konungur á Ögvaldsnesi*

Nú skulum við líta til dæma sem Helgi reynir að svara málefnalega. Ásgeir skrifar:

Mikilvægasti konungsgarðurinn var Ögvaldsnes á Rogalandi sem liggur við svokallað Körmtsund [sic], sem var eins konar suðurhlíð Norðurvegarsins. Þar bjó Hjör konungur og Ljúfvina, kona hans frá Bjarmalandi við Hvítahaf, en samband þeirra ber skýran vott um tengsl við norðurslóðir. Hjör og Ljúfvina voru foreldrar þeirra Geirmundar og Hámundar heljarskinns er gerðust síðar landnámsmenn hérlendis.<sup>10</sup>

Þar sem ég bendi á að hvergi í fornum heimildum sé þess getið að Hjör konungur hafi haft sæti sitt á Ögvaldsnesi, færði ég ítarleg rök fyrir þeirri *tilgátu minni* að Hjör hafi búið þar. Meðal annars með víðtækri örnefnarannsókn þar sem ég bar saman örnefni á stærstu konungsgörðum Rogalands og örnefni við landnámskjarna Geirmundar. Af þeim sökum tók ég þetta sem dæmi í minni greinargerð. Helgi skrifar til varnar Ásgeiri: „Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu segir frá þarinu og í Melabók Landnámu segir að forfaðir Hjörs hafi búið á Ögvaldsnesi og er þá auðvelt að álykta að Hjör hafi búið þar líka”.<sup>11</sup>

Í nefndri Sturlubók og Hauksbók *Landnámu* kemur aðeins fram að eitt sinn þegar Hjör konungur fór í hernað hafi kona hans Ljúfvina verið „eptir á Rogalandi“, og ól honum þar sonu. Helgi hefur síðan ekki þurft að leita sjálfur til Melabókar, því ég vitna einmitt til sama hluta úr 30. kafla Melabókar í minni bók: „Geirmundr heljarskinn ok Hámundr heljarskinn váru synir Hjörs Hálfssonar, Hjörleifssonar konungs hins kvensama, Hjörssonar, Jösurssonar, Afvaldsonar af Afvaldsnesi”.<sup>12</sup>

Ég var m.ö.o. fyllilega meðvitaður um að Ögvaldur konungur sé tengdur Ögvaldsnesi í Melabók, eins og reyndar nafnið sjálft bendir til. En sá Ögvaldur var uppi á síðari helming 7. aldar skv. ættartölum, og segir þar ekkert um bústað Hjörs konungs og því gerði ég mína rannsókn. Eins og ég rek í bók minni er það afar óvísindalegt að treysta blint á *Landnámabók*, allra síst upplýsingum þeirrar bókar um aðstæður í Noregi rúmum 500 árum fyrir ritunartíma hennar.<sup>13</sup> Gildir það einnig um skilgreiningu

<sup>10</sup> *EHI*, 67.

<sup>11</sup> *Vef*. Helgi Þorláksson, „Um ásakanir Bergsveins Birgissonar á hendur Ásgeiri Jónssyni um ritstuld“, 6.

<sup>12</sup> *LSV*, bls. 39. Rétt er að taka fram, þar sem talað er um Þórðarbók Melabókar í Sögu-greininni (AM 106 og 112 fol.), að hér er átt við gömlu Melabók (í AM 445 b, 4to).

<sup>13</sup> Nemendum á fyrstu önn í sagnfræði er m.a. kennt að líta ekki á slík rit sem sagnfræðilegar heimildir.

á Rogalandi, sem Hjör er tengdur í Sturlubók og Hauksbók, en skilgreining íslenskra miðaldasagnaritara var þar önnur en skilgreining nútímans.<sup>14</sup> Aðrar miðaldaheimildir gefa enga ástæðu til að halda því fram að Hjör hafi setið á Ögvaldsnesi, og reyndar er alþekkt að konungsættir færi sig milli svæða. Í áður nefndri *Hálfs sögu og Hálfsrekka*, mikilvægustu heimildinni um forfeður Geirmundar, segir: „Ögvaldr Rogalands konungur bjó á Roga á Jösur heiði. Hún er milli Rogalands ok þelamerkr, þat kalla menn nú Víði“.<sup>15</sup> Er skemmst frá því að segja að þessa staði, Jösurheiði og Víði, vita menn nú ekki hvar er að finna. Þá kemur einnig fram í sömu heimild um Hjör föður Geirmundar: „Hjör hét son Hálfs kóngrs er þá var kóngr yfir Hörða landi“.<sup>16</sup> Hörðaland er sem sagt annað fylki, norðan við Rogaland, en það er í Rogalandi sem Körmt og Ögvaldsnes er að finna.

Af þessu sést að mjög er á reiki allt um konungssetur ættarinnar í heimildum. Helgi Þorláksson, prófessor emerítus, sem kallar *Landnámabók* „leif“, tilheyrir án efa flokki þeirra manna sem ekki bera mikið traust til *Landnámabókar* sem sögulegrar heimildar. Það er því næsta furðulegt að honum finnist það nú allt í einu sjálfsagt að ef eitthvað stendur í Melabók, þá megi því treysta gagnrýnislaust og fá hugmyndir þaðan og setja það fram sem sögulega staðreynd, eins og Ásgeir gerir. Er þó rétt að ítreka að Melabók segir hvergi að Hjör hafi setið á Ögvaldsnesi.

Ásgeir virðist nefnilega meðvitaður um hversu miklum vandkvæðum það er bundið að treysta miðaldaheimildum gagnrýnislaust: „Draga má í efa sannleiksgildi þessara sagna [í Heimskringlu] sem Snorri skrifaði niður 300–400 árum eftir að þeir atburðir gerðust sem fjallað er um“.<sup>17</sup> Ásgeir setur hinsvegar fram fullyrðingu sína um aðsetur Hjörs konungs sem sögulega staðreynd, án þess að nefna nokkur vandkvæði upp á 500 ár þessu tengd: „Mikilvægasti konungsgarðurinn var Ögvaldsnes ... Þar bjó Hjör konungur“. Ef Ásgeir hefði hugsað sjálfur um málið, hefði hann án efa nefnt 30. kafla Melabókar sem rök. Hann hefði þá ekki heldur skrifað nokkru síðar að Geirmundur hafi komið frá Hörðalandi, sem er, eins og nefnt var, fylkið norðan við Rogaland.<sup>18</sup> Að fullyrt sé að Hjör sé frá Ögvaldsnesi í Rogalandi, en síðan fullyrt að Geirmundur, sonur hans, sé frá allt öðrum stað, Hörðalandi, er ágætt dæmi um takmarkaða eigin rannsókn höfundar á efninu. Ég get ekki séð neina ástæðu til að rengja þær heimildir sem segja samhljóma frá því að Geirmundur hafi alist upp í föðurranni.

---

<sup>14</sup> Sjá LSV, 40.

<sup>15</sup> *Hálfs saga ok Hálfsrekka*, 170.

<sup>16</sup> *Hálfs saga ok Hálfsrekka*, 197.

<sup>17</sup> *EHI*, 64.

<sup>18</sup> „Hann [Önundur] flúði vestur um haf eftir þann bardaga og leitaði til Geirmundar heljarskinns sem einnig kom frá Hörðalandi“ (*EHI*, 123).

Hinsvegar eru færð ítarleg rök fyrir slíkri tilgátu í LSV,<sup>19</sup> sem Ásgeir einmitt tjáði mér í símtali 8. desember 2021, að hann hefði „lesið á sínum tíma“. Rétt er að endurtaka, *tilgátu*, og einmitt þannig á að vísa til slíkra frumrannsókna annarra, þ.e. á þeim sömu forsendum og þær eru upprunalega settar fram. Síðan geta menn valið að vera sammála eða ósammála því, annað er skv. vísindasiðareglum „gróf vanræksla við framkvæmd rannsókna“.<sup>20</sup> Ekki duga heldur rök Helga hér fyrir tilvísanakerfi Ásgeirs, um að hirða ekki um „tilvísanir til þess sem hann telur alþekkt“, af fyrrgreindri ástæðu: tilgátu um að Hjör hafi setið á Ögvaldsnesi er hvergi að finna nema í verkum undirritaðs frá 2013/2016.

### *Um ferðalög meðfram öllum Norðurvegi til rostungsveiða í Bjarmalandi*

Svo að betur megi átta sig á því sem ég lít á sem útúrslúning Helga Þorlákssonar í þessu tilviki, er vert að endurtaka það sem Ásgeir skrifar: „Á þessum tíma [9. öld] lögðu menn á sig siglingu norður eftir allri strönd Noregs og inn Hvítahaf til Bjarmalands til að veiða rostunga“.<sup>21</sup>

Helgi skrifar aftur á móti: „Í fyrrgreindri grein í heftinu um landnámssýninguna segir undirritaður frá för Óttars frá Hvítahafi og suður með allri strönd Noregs og inn í Víkina (Óslóarfjörð) að kaupstaðnum Skíringssal og þaðan suður til Heiðarbæjar í Danmörku og hafði með sér afurðir rostungs. [...] Umrædda kenningu og meira til hefur Ásgeir getað fundið í ýmsum yfirlitsritum“.<sup>22</sup>

Ásgeir skrifar hinsvegar að *menn hafi siglt eftir allri strönd Noregs og til Bjarmalands til að veiða rostunga*. M.ö.o. er hjá Ásgeiri um veiðiferð að ræða þar sem siglt er skv. þessu frá sunnanverðum Noregi og eftir allri ströndinni og austur til Bjarmalands. Hvorki ferð Óttars né aðrar heimildir falla að þessari „kenningu“.<sup>23</sup>

Athugum fyrst hvað fornar heimildir segja um Bjarmalandsferðir.

Í áðurnefndri *Hálfs sögu* segir að Hjörleifur hafi siglt til Bjarmalands (einhvers staðar frá Suður-Noregi) með 40 manna lið. Hluti af liðinu rændi grafhaug, en aðrir börðust við Bjarma á meðan.<sup>24</sup> Í

---

<sup>19</sup> LSV, 38–52.

<sup>20</sup> Vef. Vísindasiðareglur Háskóla Íslands, samþykktar í háskólaráði 7. nóvember 2019, málsgrein 4.1, sótt 9. janúar 2022 af <https://www.hi.is/sites/default/files/sverring/visindasidareglur7nov2019.pdf>.

<sup>21</sup> EHI, 42.

<sup>22</sup> Vef. Helgi Þorláksson, „Um ásakanir,“ 3.

<sup>23</sup> Fræðileg útgáfa á texta um för Óttars til Bjarmalands, sjá Janet Bately og Anton Englert (útg.), *Ohtere's Voyages – A late 9<sup>th</sup>-century account of voyages along the coasts of Norway and Denmark and its cultural context*, (Roskilde: The Viking Ship Museum in Roskilde, 2007).

<sup>24</sup> *Hálfs saga ok Hálfsrekka*, 172.

*Heimskringlu* er varðveitt ein sögn af Bjarmalandsför norrænna manna, en þá frá tímum Ólafs helga. Þórir hundur, Karli og Gunnsteinn koma til Bjarmalands og tókst þar kaupstefna. „Þórir fekk óf grávöru ok bjór ok safala”, nokkuð sem er endurtekið er Þórir kemur með vöru sína til Knúts konungs á Englandi.<sup>25</sup> Grávara er norrænt orð yfir loðskinn, og er því ekki um afurðir rostungs að ræða hjá Snorra. Geta má þess að annars er um endurtekningu á minni fornaldarsagna að ræða, því þeir Þórir gera meira en að versla; þeir ræna grafhaug fullan af gulli og silfri er tilheyrði Jómala, guði þeirra Bjarma.<sup>26</sup> Hið sama má segja um hinar ýmsu tilvísanir fornaldarsagna til siglinga norrænna manna frá sunnanverðum Noregi til Bjarmalands, að enginn af þeim er eftir rostungi. Ef slíkum rostungsferðum frá Suður-Noregi til Bjarmalands sem Ásgeir vísar til er lýst í „ýmsum yfirlitsritum“, hefði Helgi skilyrðislaust átt að vísa í þau sömu rit.

Þá er að geta farar Óttars frá Hálogalandi til Bjarmalands sem ég fer í saumana á í mínum ritum. Í fyrsta lagi kemur skýrt fram að Óttar er frá Norður-Noregi, óvíst er hvaðan í hinu forna Hálogalandi. Hefur hann verið tengdur við svæðið milli Bjarkeyjar og Hvaleyjar (Kvaløya),<sup>27</sup> en sjálfur segist Óttar búa „lengst í norðri af öllum Norðmönnum”.<sup>28</sup> Hann siglir sem sagt frá nyrstu strönd Noregs til Bjarmalands eins og hann sjálfur lýsir. Ásgeir skrifar um Óttar: „Hann segist jafnframt hafa siglt sjálfur til Bjarmalands þar sem hann og fimm aðrir drápu 60 rostunga á aðeins tveimur dögum” (EHI, bls. 67).

Við nánari athugun á textanum má sjá að Óttar er að tala um veiðar á hval í sínu eigin landi þar sem hann nefnir 60 hvali, og nánar tiltekið er hann að vísa í hvali sem eru 48–50 álna langir (rúmir 20 metrar), meðan hann segir að rostungur sé 7 álna langur.<sup>29</sup> Hann siglir hinsvegar til Bjarmalands vegna rostungsins, ekki til að veiða rostung, eins og hann sjálfur segir, heldur til að heimta skatt (fornenska: *gafol*) og ná í unna vöru meðal Finna og Bjarma: 60 álna löng skipsreipi úr rostungs- og selskinni auk tannvöru.<sup>30</sup> Eins og ég gat um í greinargerð minni var ekki um veiðiferð að ræða, enda væri slíkt ekki praktískt mögulegt eins og ég rek í minni bók (*LSV*, bls. 152), heldur er þetta

---

<sup>25</sup> *Heimskringla II. Íslensk fornrit XXVII. Bindi*, útgefandi Bjarni Aðalbjarnarson, Reykjavík: Hið Íslenska fornritafélag, 1954, 229 og 253.

<sup>26</sup> Sama rit, 229–231.

<sup>27</sup> Inger Storli, „Ohthere and his world – a contemporary perspective“, *Ohthere's Voyages – A late 9<sup>th</sup> –century account of voyages along the coasts of Norway and Denmark and its cultural context*, ritstjórar Janet Batley & Anton Englert, Roskilde: The Viking Ship Museum in Roskilde, 2007, 85.

<sup>28</sup> *Ohthere's Voyages – A late 9<sup>th</sup> –century account of voyages along the coasts of Norway and Denmark and its cultural context*, ritstjórar Janet Batley og Anton Englert, Roskilde: The Viking Ship Museum in Roskilde, 2007, 44 [mín þýðing].

<sup>29</sup> Sama rit, 45.

<sup>30</sup> Sama rit, 45–46. Þess ber að geta að flestir fræðimenn eru einhuga um að þýðingin á “gafol” sem hreinn skattur sé varhugaverður á þessum tíma, skattur sem menn greiða án þess að fá neitt í staðinn kemur sennilega ekki til í norðrinu fyrr en með skattlagningu miðstjórnarvalds ríkiskonunganna löngu síðar.

verslunarferð. Tilgátan mín er sú að Hjör sé venslaður Björnum og hafi haft viðskipti við þá, og að Geirmundur sé vitnisburður um bandalag norrænna manna við veiðifólk í norðri.

Einu lýsinguna á því að siglt hafi verið meðfram allri strönd Noregs til að fara til Bjarmalands að ná í rostung, er því að finna í verkum mínum.<sup>31</sup> Ásgeir snýr þessu í veiðiferð, en það breytir því ekki hvaðan hugmyndin augljóslega er komin. Að auki er um tilgátuferðalag að ræða af minni hendi, og ekki sögulega staðreynd, eins og Ásgeir vísar til þessa ferðalags, og er það því enn eitt dæmið um rangfærslu. Ég færi rök fyrir því að finna megi meira eða minna brengluð sagnabrot í fornaldarsögum og öðrum forntextum um slík ferðalög, en þá snúast sagnirnar að jafnaði um rán á gulli og gimsteinum, og er það túlkun mín að þetta geti snúist um *gullvægar* rostungsaferðir. Nú er ég í raun búinn að svara útúrsnúningi Helga Þorlákssonar í þessu atriði.

En Helgi lætur þetta ekki nægja og freistar þess að sýna kunnáttu um efnið. Óttar segist nefnilega sigla til Skíringssalar í Víkinni (nú Oslóarfirði), „með rostungsaferðir“ skrifar Helgi. Þetta síðastnefnda er reyndar ekki nefnt hjá Óttari, og getur ferðin til Skíringssalar verið alls ótengd verslunarferð til Bjarmalands og sýna norrænar heimildir að Háleygir voru gjarna í beinu viðskiptasambandi við England og sigldu þangað með vöru sína úr norðurhöfum. En Helgi reynir síðan að teygja röksemdarfærslu sína frá þessu atriði, og yfir til Haraldar hárfagra: „Þá er alþekkt kenning, sem Johan Schreiner mun hafa mótað einna fyrstur og birti á árunum 1928 og 1929, um að Haraldur hárfagri, konungur í Víkinni, hafi haft áhuga á að vernda þessa siglingaleið af því að hann hafi viljað gæta hagsmuna Víkurmanna sem vildu fá varning að norðan til kaupstaðarins í Skíringssal við Víkina“.<sup>32</sup>

Þá vísar Helgi til bandalags Haraldar við jarl í Þrændalögum til að tryggja flutninga sem best, og vísar aftur í Jón Jóhannesson þessu til fulltingis, og þaðan hefur hann þá hugmynd að Haraldur hafi lagt undir sig siglingaleiðina meðfram Vestur- og Suðvestur-Noregi.<sup>33</sup> Allt er þetta fram sett til að mótmæla orðum mínum sem hann hefur tekið úr samhengi, og skrifar „Stenst engan veginn þegar Bergsveinn skrifar, „en það að sigla alla ströndina er einungis í minni bók““ (bls. 3).

Lítum á setninguna alla sem ég skrifaði: „Til er ein sagnfræðileg heimild um Norðmann í Norður-Noregi sem siglir austur til Hvítahafsins til að versla við Bjarma (Óttar), en það að sigla alla ströndina er einungis til í minni bók, og þá sem tilgátuferðalag föður Geirmundar, Hjörs konungs“.<sup>34</sup>

Samhenginu um rostungsferð frá sunnanverðum Noregi til Bjarmalands, nær Helgi að snúa út úr þannig að ég haldi því fram að enginn *hafi siglt* meðfram öllum Norðurveginum!

---

<sup>31</sup> LSV, 85–157, DSV, 81–147.

<sup>32</sup> Vef. Helgi Þorláksson, „Um ásakanir,“ 3.

<sup>33</sup> Sama heimild, 3.

<sup>34</sup> Bergsveinn Birgisson, „Stolið og rangfært,“ 2.

Er skemmst frá því að segja að þessu síðastnefnda, um yfirtöku Haraldar á Norðurveginum forna lýsi ég í mínum verkum ítarlega, og færi fleiri rök að því sem ætla má sögulega staðreynd að Haraldur geri bandalag við Hákon jarl í Þrændalögum. Haraldur leggur sig eftir að ná fullum völdum yfir Norðurveginum m.a. til að komast yfir vörur úr norðri og koma þeim á markaði suður í Danmörku.<sup>35</sup> Helgi reynir að láta í það skína að þetta þekki undirritaður ekki, og því sýnist mér hér sé enn ein tilraunin til að gera mig ótrúverðugan.

Skoðum aðeins rök Helga. Hann teflir fram Johan Schreiner,<sup>36</sup> sem á að hafa kynnt þá kenningu fyrstur, að Haraldur hafi verið konungur í *Víkinni* og viljað koma afurðum úr norðri þangað (Skíringssalar). Ef Helgi hefði lesið rit Schreiners sæmilega, má sjá að hann kynni Harald hárfagra fyrst og fremst sem konung yfir Vestur-Noregi og leggur áherslu á bandalag hans við Þrændalög. Í seinni rannsókn, frá 1936, hafnar Schreiner því alfarið að Haraldur hafi nokkuð haft með Víkina eða Austur-Noreg að gera. Hans umráðasvæði hafi aðeins verið í Vestur-Noregi.<sup>37</sup> Er þetta í samræmi við það hvernig menn hafa túlkað orð Óttars sjálfs, að þegar hann siglir um Víkina virðist hann álíta það sem danskt umráðasvæði.<sup>38</sup> Þá hef ég sjálfur skrifað doktorsritgerð sem kom inn á þetta efni, þar sem niðurstaða mín er samhljóða flestum fræðimönnum um að óhugsandi sé að Haraldur hárfagri hafi haft nokkuð með Víkina í Austur-Noregi að gera.<sup>39</sup> Þá mætti nefna niðurstöður frá umfangsmiklum uppgreftri á Kaupangi (Skíringssal) þar sem segir: „Communication with the areas from which most of the 9<sup>th</sup>-century imported material came was by sea-routes and along the coasts which the king of the Danes ruled”.<sup>40</sup> Haraldur hefur sem sagt haft lítið með Víkina að gera, enda hefði Helgi ekki þurft að leggja mikið á sig til að sjá, áður en hann fer að gaspra um Harald hárfagra og Víkina, að Kaupangur í Víkinni leggst að mestu í eyði í hans stjórnartíð. Jón Jóhannesson, sem Helgi ber fyrir sig, talar um að Háleygir hafi verslað skinnavöru og skreið á Finnmörk,<sup>41</sup> en Finnmörk er nyrsta fylki Noregs. Ekkert segir Jón Jóhannesson um rostunga sem mögulega vöru.

Við sjáum hversu fjarlægð þetta er orðið ásökun minni á hendur Ásgeiri Jónssyni. Hvað sem öllu líður eru engar heimildir um að Haraldur hárfagri hafi sent menn frá Suður-Noregi og látið sigla alla leið til

---

<sup>35</sup> LSV, 97, 184–185.

<sup>36</sup> Johan Schreiner, *Trøndelag og rikssamlingen – Avhandlingar utg. av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo*. II. Hist. Filos. Klasse (3), Oslo: Jacob Dybwad, 1928; Johan Schreiner, *Olav den hellige og Norges samling*, Oslo: Steenske Forlag, 1929.

<sup>37</sup> Johan Schreiner, „Harald og Hafrsfjord“, *Scandia – Tidskrift för historisk forskning* 9:1936, 64–88.

<sup>38</sup> Niels Lund, (útg.), *Two Voyagers at the Court of King Alfred. The ventures of Othere and Wulfstan together with the Description of Northern Europe from the Old English Orosius*. York: William Sessions, 1984, 34.

<sup>39</sup> Bergsveinn Birgisson, *Inn í skaldens sinn – kognitive, estetiske og historiske skatter i den norrøne skaldediktingen* (Universitetet i Bergen, 2007): 188–242.

<sup>40</sup> Dagfinn Skre, „Towns and Markets, Kings and Central Places in South-western Scandinavia C. AD 800–950,“ *Kaupang in Skíringssal – Kaupang Excavation Project Publication Series, vol. 1*, ritstjóri Dagfinn Skre, Aarhus: Aarhus University Press, 2007, 467.

<sup>41</sup> Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga. I Þjóðveldisöld*, 39–40.

Bjarmalands eftir rostungsvörum, sem ætti þá að vera röksemdarfærsla Helga ef hann vill gera „kenningu“ Ásgeirs um rostungsferðir frá Suður-Noregi til Bjarmalands að efni sem finna má í „ýmsum yfirlitsritum“. Enda væri það í blóra við sagnfræðilegar heimildir sem segja frá bandalagi Haraldar við Háleygi í norðri, sem Helgi sjálfur virðist trúa, án þess að sjá hvað það feli í sér varðandi verzlun við norðrið og ferðalög um Norðurveginn. Það er þá sjálfsagt að ætla það sé í gegnum Háleygi sem Haraldur fær aðgang að vörum frá Bjarmalandi, eins og reyndar er alþekkt meðal norskra konunga síðar meir.

Það er þannig hafið yfir skynsamlegan vafa að í dæmunum hér að ofan, sé um svokallaðan rannsóknarstuld að ræða skv. þýðingu Helgu Kress: „þegar höfundur tekur rannsóknasurningar, röksemdafærslu og rannsóknaniðurstöður úr birtu verki eftir annan og setur fram sem sínar eigin“.<sup>42</sup>

#### *Um röksemdir Helga fyrir skorti á tilvísunum hjá Ásgeiri*

Röksemdir Helga um reglu Ásgeirs, að hirða ekki um að vísa til fræðimanna varðandi „alþekkt“ mál, eiga ekki við hvað varðar mínar ásakanir. Helgi setur „aðalreglu“ Ásgeirs fram sem algeng vinnubrögð meðal fræðimanna, og nefnir máli sínu til stuðnings kenningu Magnúsar Stefánssonar um *staði* frá árinu 1975. Að meðal „fræðimanna sem fást við miðaldasögu“, skrifar Helgi, hefur kenningin orðið „einskonar sannindi“ og því þurfi ekki fræðimenn að vísa alltaf til Magnúsar varðandi *staði*.<sup>43</sup> Hér gefur að líta einn af þeim sköllum sem einkenna álitserð Helga. Í tilviki Ásgeirs er samkvæmt Helga um að ræða „leikmann“ að skrifa „viðhorfsgrein“ sem vill „vekja athygli almennings á Landnámu“ en rök Helga fyrir „aðalreglu“ Ásgeirs, að vísa ekki til hins alþekkta, er fengin úr hagræðingarpraksis meðal fræðimanna í miðaldasögu. Rökin eiga því alls ekki við þegar kynna á efni á almennum nótum. Ef Helgi færi t.d. að tala um „staði“ meðal almennings í anda Magnúsar Stefánssonar, er ósennilegt að óinnvígðir myndu hugsa til rannsókna Magnúsar frá 1975, af þeirri einföldu ástæðu að þeir þekkja ekki kenningu hans. Í yfirlitsritum er því kannski enn mikilvægara að halda lykilhugmyndum og upphafsmönnum þeirra til haga fyrir lesendur.

Að mínar hugmyndir um sjávarspendýraveiðar Geirmundar á Hornströndum eða veiðibrölt Ketils gufu, eða aðrar hugmyndir sem reifaðar eru hér og í *Tímaritinu Sögu* séu „ríkjandi skoðanir“ meðal fræðimanna, og því óþarft að vísa til, er að sama skapi hugsanaskekkja hjá Helga. Bæði vegna þess

---

<sup>42</sup> Helga Kress, „Meðal annarra orða – Um aðferðarfræði og vinnubrögð við ritun ævisögu Halldórs Laxness. Fyrri hluti“, 190. Helga byggir á framsetningu Brian Martin, „Plagiarism: A Misplaced Emphasis“, *Journal of Information Ethics* 3 nr. 2 (1994): 36–47.

<sup>43</sup> Vef. Helgi Þorláksson, „Um ásakanir“, 6.

sem áður kom fram um að hvorki finnast slíkar hugmyndir reifaðar í norrænum heimildum, og ekki eru mínar hugmyndir heldur nefndar í lykilritum sagnfræðinga um landnám Íslands eftir útkomu minna verka,<sup>44</sup> en einkum og sér í lagi vegna þess sem Helgi sjálfur skrifar: „Bergsveinn talar um tilgátu sína um Geirmund og allt eru þetta tilgátur sem þarfnast meiri umræðu“.<sup>45</sup>

Helgi heldur áfram og rekur efni bókarinnar og ályktar með því að segja það alrangt hjá mér (sbr. *Vísir* 8. des.) að hægt sé að tala um „þræla og veiðar á elsta stigi“ sem „rauðan þráð gegnum alla bókina“.<sup>46</sup> Þetta eru hártoganir um aukaatriði, en við þessum röksemdum er það helst að segja, að annaðhvort halda menn reglur og prinsipp — eða ekki. Það hlýtur að gilda hvort sem það sé hagfræðingur að stela frá norrænufræðingi eða smiður frá bakara, smátt eða stórt.<sup>47</sup> Læt ég nægja að nefna helstu staði í *EHI* þar sem Ásgeir hefði átt að vísa til minna verka ef vísindasiðareglum væri fylgt, bæði hvað varðar ofangreind atriði og önnur: bls. 42, 46, 47, 48, 50, 67, 122, 147 og 149. Ekki verður betur séð en að þetta myndi þráð.

#### *Önnur einkenni ritstuldartexta*

Í umræðu um ritstuld hér á landi síðustu ár, hefur verið bent á að finna megi ákveðin stílleg einkenni eða ‘topos’ sem einkenna vinnubrögð í þeim textum sem hafa ritstuld að geyma. Hannes Hólmsteinn Gissurarson kom óvart með mikilvægt framlag í þessa umræðu með því að lýsa aðferð sinni við ritun ævisögu Halldórs Laxness (2003). Helga Kress dregur saman lýsingu hans á þennan hátt:

að „sannreyna“ textann og „endursegja“ hann, og væri það „matsatriði hverju sinni“ hvort vísa ætti til heimildar [...] Aðspurður um þriðju aðferðina sem væri „að semja eigin texta“ og vitna til heimilda eftir þörfum, sagðist hann vera „á móti því að finna hjólið upp aftur“. Þegar hann hefði „fundið góðar lýsingar annarra“ hefði hann notað þær. Til útskýringar aðferðinni nefndi hann dæmi um „lýsingar“ sem hann hefði „fundið“ í hinum ýmsu ritum og hvernig hann „smíðaði“ úr þeim sinn eigin texta, einnig með því að blanda lýsingum saman.<sup>48</sup>

---

<sup>44</sup> Sjá t.d. Gunnar Karlsson, *Landnám Íslands. Handbók í íslenskri miðaldasögu II* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016), Sverrir Jakobsson, *Saga Breiðfirðinga I: Fólk og rými frá landnámi til plágunnar miklu* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2015).

<sup>45</sup> Sama heimild, 3.

<sup>46</sup> Sama heimild, 5.

<sup>47</sup> Hér hefði Helgi getað kynnt sér t.d. grein Viðars Hreinssonar þar sem gerð er grein fyrir hvað ritstuldur felur í sér „Þjófastefna! Um ritstuld á okkar tímum“, *Vísir* 21. desember 2021.

<sup>48</sup> Helga Kress, „Meðal annara orða – Síðari hluti“, 187–188. Helga byggir sína endursögn á grein Hannesar Hólmsteins, „Ég gerði ekkert óheiðarlegt, framdi engan ritstuld“, *Morgunblaðið* 9. janúar 2004, 27, dálkur 2–5.



Helga Kress kallar þessa aðferð „plagíarisma“ eða ritstuld,<sup>49</sup> og tiltekur hún í tveimur áður nefndum tímaritsgreinum frá 2004 fjölmarga fræðimenn, bréfitara og rithöfunda sem Hannes hefur setningar eða málsgreinar frá, auk Laxness sjálfs, og bræðir saman í eitthvað sem hann kynnir að jafnaði sem eigin texta.

Það eru sláandi líkindi milli þessarar aðferðar sem Helga rekur af fíllólógískri nákvæmni hjá Hannesi, og lýsinga Árna H. Kristjánssonar í óbirtri grein hans „Gramsað í texta“, á því hvernig starfsmenn *Rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna* unnu sinn texta upp úr handriti Árna, sem þeir höfðu undir höndum, og sem Árni gaf síðar út sem bók,<sup>50</sup> áður en Rannsóknarskýrslan kom formlega út.<sup>51</sup> Árni tiltekur aukinheldur dæmi þar sem höfundar skýrslunnar hafa annaðhvort sett aðra tilvísun en þá sem hann hafði, eða sleppt þeirri tilvísun sem hann byggði sinn texta á, en aldrei er vísað í verk Árna.<sup>52</sup> Þetta var augljóslega gert til að breiða yfir að verið var að endursegja rannsókn Árna. Um aðalhöfund þess sem sneri að sögulegu og hagsögulegu efni skýrslunnar, skrifar rannsóknarnefndin í sinni greinargerð: „Þá má benda á, að sagnfræðingar störfuðu og fyrir nefndina, t.d. starfaði dr. Ásgeir Jónsson, sérfræðingur í alþjóðafjármálum, peningamálafræði og hagsögu, fyrir nefndina við ritun sagnfræðihluta um sögu og bakgrunn sparisjóðanna, bæði á Íslandi og erlendis“.<sup>53</sup> Geta má þess að það er helst í þessu efni sem byggt var á verki Árna,<sup>54</sup> en í þessu tilviki hefur, eins og áður kom fram, óháð matsnefnd konklúderað að um umfangsmikinn ritstuld sé að ræða. Hér virðist því, í tilviki Ásgeirs, ómenning óðum að breytast í hefð.

Áhugavert er að líta til *EHI* eftir Ásgeir Jónsson með tilliti til umfjöllunar Helgu þar sem hún sýnir hvernig Hannes hefur stolið brotakernt úr ýmsum áttum og búið til úr því það sem hún kallar „sambengislausu heild“.<sup>55</sup> Í greinargerð minni frá 8. desember 2021, benti ég á nokkur dæmi þar sem mér þótti miður að Ásgeir taki úr verki mínu brotakernt, og var það ástæða orðsins „rangfært“ í titlinum. Ástæðan er sú að Ásgeir endursegir sumt úr heildartilgátu minni, en skrifar síðan annað sem gengur í berhögg við hana. Í grein minni í *Sögu* eru rakin nokkur dæmi um þetta í sambandi við rostungsveiðar Geirmundar á Hornströndum, en að auki fellur efni eins og um aðsetur Hjörs konungs og *tilgátuferðalag* frá sunnanverðum Noregi til Bjarmalands undir þetta sama.

<sup>49</sup> Helga Kress, „Meðal annara orða – Síðari hluti“, 188.

<sup>50</sup> Árni H. Kristjánsson, *Hugsjónir, fjármál og pólitík. Saga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í sjötíu og sjö ár*, Reykjavík: Sögufélag, 2013.

<sup>51</sup> Árni H. Kristjánsson, „Gramsað í texta“ ópr. grein.

<sup>52</sup> Sama heimild, 19–22.

<sup>53</sup> Bjarni Frímánn Karlsson m.fl., „Greinargerð Rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna til skrifstofustjóra Alþingis, dags. 11. ágúst 2014“, 6.

<sup>54</sup> Árni H. Kristjánsson, „Óhreinn hvítþvottur seðlabankastjóra,“ *Fréttablaðið* 7. janúar 2022.

<sup>55</sup> Helga Kress „Meðal annara orða – Síðari hluti“, 204.

\*\*\*

Þá má vísa til niðurstöðu Helgu Kress um að Hannes Hólmsteinn virðist hafa gert litla sem enga rannsókn á því efni sem hann endursegir „heldur tekur það yfirleitt gilt sem aðrir skrifa um leið og hann setur það fram sem eigin athugun“.<sup>56</sup> Þannig er eigin rannsókn Ásgeirs víða stórlega ábótavant í því efni sem hann setur fram sem eigin athuganir. Sækonungurinn Hjör var nefndur að ofan, en um slíka skrifar Ásgeir: „Konungdæmi þeirra var grundvallað á yfirráðum á sjó en ekki á landi“.<sup>57</sup> Síðar skrifar Ásgeir í sambandi við yfirtöku Haralds hárfagra á því sem hann kynnir sem „stríðsmannastétt Vestur-Noregs“: „stríðsstétt Noregs [var] landaðall. Grundvöllur að lífi hennar og þjóðfélagsstöðu var yfirráð yfir landi“.<sup>58</sup> Er slíkt til marks um að viðkomandi fræðimaður hefur ekki kynnt sér umfjöllunarefni sitt, því sækonungar voru einmitt kjarni stríðsstéttar en um leið þeir sem réðu yfir pörtum Norðurvegarins, þ.e. landinu sem lá að siglingarleiðinni, eins og nefndur Haraldur hárfagri er besta dæmið um. Sjór og land verða alls ekki aðskilin á þennan hátt er kemur að Norðurveginum gamla, eins og fræðimenn hafa bent á, til og með þeir sem Ásgeir vitnar í sjálfur.<sup>59</sup>

Þá setur Ásgeir fram túlkun á fornu dróttkvæði, og tekur sérstaklega fram sitt framlag: „Hér skal aftur haldið til haga að þessi túlkun á vísun úr Glymdrápu Þorbjarnar hornklofa hirðskálds er hér lögð fram af þeim sem hér ritar og með þessa hugsun“.<sup>60</sup> En vísurnar sem Ásgeir vitnar í (bls. 101) eru ekki úr Glymdrápu heldur úr Haraldskvæði, einnig kölluð Hrafnsmál (erindi 7 og 8),<sup>61</sup> þ.e.a.s. úr allt öðru kvæði.

Sama er uppi á teningnum þegar gripið er tilviljunarkennt niður í tilvísanir þær sem Ásgeir tilgreinir. Þannig vísar Ásgeir til „Annals of the Four Masters“ um að árið 860 hafi „Cerball konungur unnið mikinn sigur á víkingum á Veðrafirði“,<sup>62</sup> og að þetta gæti hafa skapað grundvöll að bandalagi Eyvindar við Kjarval. Hvergi er þó Cerball nefndur í tilgreindum annál fyrir árið 860.<sup>63</sup> Viðlíka dæmi er það þegar Ásgeir segir frá grafarráni Ólafs hvíta og Ívars beinlausa. Því til stuðnings vísar Ásgeir í „Annals of the Four Masters“ fyrir árið 863,<sup>64</sup> en ekkert stendur um þessa konunga í þeirri heimild

<sup>56</sup> Helga Kress, „Meðal annarra orða – Fyrri hluti“, 210.

<sup>57</sup> *EHI*, 67.

<sup>58</sup> Sama rit, 125

<sup>59</sup> Dagfnn Skre, „Norðvegur – Norway: From Sailing Route to Kingdom“, *European Review* nr. 22 (2014): 34–44.

<sup>60</sup> *EHI*, 102.

<sup>61</sup> Vef. *The Skaldic Project*, sótt 14. Janúar 2022 af <https://skaldic.abdn.ac.uk/db.php?id=4340&if=default&table=verses&val=edition>.

<sup>62</sup> *EHI*, 118.

<sup>63</sup> Vef. CELT: Corpus of Electronic Texts, Annals of the Four Masters (árið 860), sótt 21. janúar 2022 af <https://celt.ucc.ie/published/T100005A/index.html>.

<sup>64</sup> *EHI*, 25.

fyrir þetta ár.<sup>65</sup> Hinsvegar segi ég frá þessu sama grafarráni í *Leitinni að svarta víkingnum*.<sup>66</sup> Ef til vill hefur höfundur *EHI* álitid það of augljóst hvaðan umfjöllun hans var komin hefði hann vísað í sömu heimildir og ég. Eru þetta einkenni sem koma fram í bæði grein Árna um störf Rannsóknarnefndar,<sup>67</sup> og sem Helga Kress bendir á í bók Hannesar Hólmsteins. Fellur slíkt að öllum líkindum undir ritstuld, og vafalaust undir það sem í gildandi Vísindasiðareglum (4.1) myndi kallast „misferli“ og „óvönduð vinnubrögð“.<sup>68</sup>

### *Hið grúa svæði*

Halda ber vissu efni aðskildu, þar sem Helgi Þorláksson gerir það ekki í sinni álitargerð. Ég hafði tekið til dæmi þar sem um var að ræða „allmikinn samhljóm“<sup>69</sup> í bók Ásgeirs með umfjöllun í mínu verki um sama efni. Slíkan samhljóm má finna víða í bók Ásgeirs, svo hér færur við okkur inn á hið grúa svæði milli óvandaðra vinnubragða og ritstuldar. Ég tilgreini hér nokkur þessara atriða í viðbót við það sem komið hefur fram, en læt aðra um að dæma.

Ásgeir skrifar varðandi vörur sem vinna má úr rostungum: „spikið var einnig gulls ígildi“.<sup>70</sup> Eins og ég benti á í minni greinargerð, er í *LSV* í fyrsta sinn á heildstæðan hátt og í íslensku samhengi gerð ítarleg grein fyrir lýsisframleiðslu úr sjávarspendýrum og hvers vegna slík vara var dýrmæt. Reyndar er lýsi, afurð spiksins, hvergi nefnt meðal þeirra sem vikið höfðu að mögulegum rostungsveiðum við landnám. Vitanlega má vera, að Ásgeir hafi rekist á brotin í *Eiríks sögu* sem greina frá seltjöru, og að hann hafi einnig í huga sér tengt ‘seyði’ Hrafna-Flóka og ‘hvalgrafir’ við erlendar rannsóknir (no. hellegroper, e. slab-lined pits) eins og ég geri. En þó má ætla að Ásgeir hefði þá tilgreint sitt framlag til slíkra rannsókna, eins og hann gerir þegar hann setur sér fyrir að túlka dróttkvæði.

Í greinargerð minni nefni ég Öfund tréfót, þar sem tilgreindur er vísuþartur úr *Grettissögu* sem ég taldi gefa „innsýn í hugarfar margra landnámsmanna“.<sup>71</sup> Ásgeir tilgreinir sama vísuþart og segir að *Grettissaga* veiti „innsýn í heim þeirra sem urðu landflótta frá Noregi“.<sup>72</sup>

---

<sup>65</sup> Sjá sömu vefsíðu, *Annals of the Four Masters* (árið 863), sótt 21. janúar 2022 af <https://celt.ucc.ie/published/T100005A/index.html>.

<sup>66</sup> *LSV*, 182, og endamálsgreinar 296 og 297.

<sup>67</sup> Árni H. Kristjánsson, „Gramsað í texta“, 17–20.

<sup>68</sup> Sjá vefsíðu Háskóla Íslands, sótt 13. janúar 2022 af <https://www.hi.is/sites/default/files/sverring/visindasidareglur7nov2019.pdf>.

<sup>69</sup> Bergsveinn Birgisson, „Stolið og rangfært“, 4.

<sup>70</sup> *EHI*, 42.

<sup>71</sup> *LSV*, 288.

<sup>72</sup> *EHI*, 123.

Hið sama gildir um umfjöllun Ásgeirs um norræn bandalög í vesturvegi, og skýr samhljómur er hjá Ásgeiri um þrælamarcað í Dyflinni við sams konar umfjöllun í *LSV*, og hið sama gildir um bandalag Ólafs hvíta við Áed Findlíath, sem ég taldi innsiglað gegnum hjónaband Ólafs við dóttur Áeds (bls. 181 í *LSV* og bls. 117 í *EHI*). Ég læt öðrum eftir að dæma um slíkan enduróm, en lít svo á að hér hefði Ásgeir í það minnsta átt að fylgja þeirri grunnreglu sem Guðmundur Jónsson og Páll Sigurðsson orða svo í tengslum við sína úttekt á ritstuldi Rannsóknarnefndar Alþingis úr riti Árna H. Kristjánssonar: „að geta nýlegra rita sem hafa að geyma markvert framlag til þess rannsóknarsviðs sem fjallað er um“.<sup>73</sup> Þetta er vitanlega vegna þessa „allmikla samhljóms“ við mínar rannsóknir, og af engri ástæðu annarri.

### *Viðbragðsferli og afleiðingar*

Þá má greina viss líkindi í orðræðu og viðbrögðum þeirra sem ásakaðir eru um ritstuld. Fyrsta viðbragð er að vísa öllum ásökunum á bug, það á við um Hannes, Rannsóknarnefnd Alþingis, Ásgeir og þá sem stóðu að baki *Systraböndum* í máli Kristínar Eiríksdóttur. Annað er að þótt menn virðist hafa lagt lítið á sig hvað varðar eigin rannsóknir, er haft hátt um „nýmæli“. Hannesi Hólmsteini er tíðrætt um nýmælin í sinni bók um Halldór Laxness, sem Helga Kress rekur og hrekur,<sup>74</sup> og Ásgeir vonar að verk sitt marki „upphaf að nýrri umræðu um landnám Íslands“.<sup>75</sup>

Þá er gild leið að tala niður framlag þeirra sem stolið er frá, eins og Rannsóknarnefnd Alþingis gerði í tilviki ásakana Árna H. Kristjánssonar, en samkvæmt þeim var rit hans ekki nýtilegt til neins: „Það var álit starfsmannsins [þ.e. í rannsóknarnefnd] að í bókinni væri í raun fátt, sem nefndin hefði ekki þegar heimildir fyrir eða væri þegar komið fram og búið að fjalla um.“<sup>76</sup> Ásgeir svarar ásökunum mínum: „Því er til að svara að ég nýtti ekki bók Bergsveins við skrif mín“.<sup>77</sup> Í áðurnefndu símtali við undirritaðan 8. desember 2021, sagðist hann hafa á sínum tíma lesið *Leitina að svarta víkingnum*, en tveim dögum síðar segist hann ekki vilja svara ásökunum mínum fyrr en hann: „hefði fengið ráðrúm til þess að lesa bók Bergsveins Birgissonar“.<sup>78</sup> Þá reynir Ásgeir að tala niður verk mitt í sömu frétt, að það geti ekki talist „hefðbundin sagnfræði“, að Gunnar Karlsson hafi gert athugasemdir við

<sup>73</sup> Guðmundur Jónsson og Páll Sigurðsson, „Álitsgerð sérfróðra matsmanna til Alþingis“, 13.

<sup>74</sup> Helga Kress, „Meðal annarra orða – Fyrri hluti“, 216–220.

<sup>75</sup> *EHI*, 193.

<sup>76</sup> Bjarni Frímánn Karlsson m.fl. „Greinargerð Rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparísjóðanna til skrifstofustjóra Alþingis“, 21.

<sup>77</sup> „Nýtti ekki bók Bergsveins við skriffin“, *Morgunblaðið* 8. desember 2021.

<sup>78</sup> „Þjófkenndur í fyrsta skipti á ævinni“, *Viðskiptablaðið* 10. desember 2021

„heimildanotkun og túlkanir“ minnar bókar, og að það sé ríkjandi viðhorf „meðal annarra sagnfræðinga“. Það væri vitanlega gott að sjá málefnalegar röksemdir fyrir slíkum fullyrðingum, en Gunnar Karlsson nefnir skiljanlega aðferðafræðileg álitamál og túlkanir minnar bókar eins og búast mátti við þar sem um viss nýmæli var að ræða, en engar athugasemdir við heimildanotkun.<sup>79</sup> Þá má spyrja um þá niðurstöðu sem Ásgeir dregur af sinni rangtúlkun: að þess vegna sé sjálfsgagt að taka efni úr þeirri bók og kynna sem eigin athuganir og rannsóknir.

Að lokum má víkja orði að afleiðingunum. Bók Ásgeirs seldist upp fyrir jóla, og Almenna bókafélagið auglýsti endurprentanir í útvarpinu. Bókin var, eftir því sem ég best veit, prentuð óbreytt og það þótt mínar ásakanir væru fjarri því til lykta leiddar. Getið var um „óbeit fræðasamfélagsins“ gegn þeim sem fremja ritstuld (sjá grein í *Sögu*), meðan prófessor Hannes Hólmsteinn Gissurarson hélt ótrauður áfram við Háskóla Íslands. Málið sem snýr að Rannsóknarnefnd þeirri sem samkvæmt óháðri álitsgerð stal ómældu efni úr riti Árna H. Kristjánssonar, hefur heldur ekki verið til lykta leitt, þrátt fyrir að úrskurður sérfróðra matsmanna um ritstuld liggja fyrir. Framleiðendur *Systrabanda* hafa ekki orðið við óskum Kristínar Eiríksdóttur um að hennar sé getið í þeirri framleiðslu, og alfarið hafnað því að hafa orðið fyrir áhrifum af hennar verki. Í mínu tilviki vísar Ásgeir Jónsson öllum ásökunum á bug og kallar síðan til prófessor úr innsta kjarna sagnfræði á Íslandi sem reynir að hvítþvo hann af öllum ásökunum í texta sem ekki heldur vatni við nánari skoðun.

Þess vegna mættu íslensk stjórnvöld og fræðasamfélag að sjá sóma sinn í að taka á þessu meini af festu. Sem dæmi ætti strax að koma á fót *Nefnd um vandaða starfshætti í vísindum*, sem hefur verið fjársvelt og á vergangi milli ráðuneyta í nokkur ár, og því óstarfhæf síðan hún var skipuð. Ég hef lagt mig eftir því í þessu máli að einblína á þær grundvallarreglur sem ég tel hafa verið brotnar í mínu tiltekna máli; reglur sem má ekki brjóta ef fræðin eiga að standa. Ég hef ekkert persónulegt á móti dr. Ásgeiri Jónssyni eða próf. Helga Þorlákssyni, og hef engin afskipti af þeim haft áður en þetta mál kom til. Vona ég að með þessum hugleiðingum hafi mér tekist að leggja lóð á vogaskálar nauðsynlegrar umræðu um ritstuld (plagíarisma) og óvönduð vinnubrögð, umræðu sem hefur ekki enn verið tekin af neinni alvöru hér á landi.

---

<sup>79</sup> Gunnar Karlsson, „Bergsveinn Birgisson. Leitin að svarta víkingnum“, *Saga LVII*, nr. 2 (2018): 229–232.

## Appendix

Svar við andmælum Ásgeirs Jónssonar sem birtust á *Vísi* 15. febrúar 2022

Hér setur Ásgeir sér fyrir að svara minni upprunalegu greinargerð á *Vísi* 8. desember, „Stolið og rangfært“. Í nokkurs konar inngangskafli „Sagnfræði og sögulegar skáldsögur“ byrjar hann á að tilkynna að ekki sé „ljóst hvaða sjálfstæða fræðilega framlag er þar [þ.e. í *LSV*] að finna“. Hann fullyrðir að líta beri á bók mína sem sögulega skáldsögu, og því sé það ekki skylda neins að vitna í *LSV* þegar ritað er um landnámið.<sup>80</sup>

Hvergi hef ég sagt né skrifað að það sé skylda nokkurs manns að vísa í *Leitina að svarta víkingnum*, hvort sem ritað er um landnám Íslands eða önnur efni. Það sem ég bendi á er að ef menn nýta rannsóknir úr því verki í öðrum útgefnum texta, t.d. í texta sem „marka á nýtt upphaf að umræðu um landnám Íslands“, þá ber að setja tilvísun í það verk í samræmi við siðareglur fræðasamfélagsins. Annað er ritstuldur.

Upphafið að málflutningi Ásgeirs er ágætt dæmi um eitt af þeim minnum sem nefnd voru að ofan og varða viðbragðsferli, þar sem leiðin burt frá ásökunum er að tala niður höfundinn og verkið sem stolið er úr. Hér á að gera úr mér „alþýðufræðimanninn“ sem Sverrir Jakobsson hafði áður borið fyrir sig í vörn fyrir Ásgeir.

Síðan má svara stuttlega þeirri fullyrðingu Ásgeirs að *LSV* sé söguleg skáldsaga sem ekki hefur neitt fræðilegt framlag. Ekki þekki ég dæmi um að sögulegar skáldsögur hafi 631 endamálsgrein eða 27 blaðsíðna heimildaskrá. Þá má vel vera nokkuð til í því að *Íslenskir sagnfræðingar* hafi sýnt verkinu takmarkaðan áhuga, en það er þó að breytast. Aðalatriðið er þó að hér gleymir Ásgeir því að *Leitin að svarta víkingnum* er þýðing á norski bók. Það vill svo til að fræðimenn hafa vitnað til minnar norsku bókar, og reyndar íslenskrar gerðar líka, til dæmis hvað varðar aðferðarfræði, ímyndarsköpun þjóða og sagnaritun miðalda, tengsl Bjarmalands við Norður-Noreg og tengsl þessara svæða við Suður-Noreg og veiðimenningu á landnámstíma Íslands svo fátt eitt sé nefnt.<sup>81</sup> Ef rétt er haft eftir Ásgeiri,

---

<sup>80</sup> Ásgeir Jónsson, „Fjórtán rangfærslum Bergsveins svarað“, kafli: Sagnfræði og sögulegar skáldsögur, *Vísir* 15. febrúar 2022.

<sup>81</sup> Hér er ekki pláss fyrir tæmandi lista, einungis helstu bækur og greinar sem vitna til minna rannsókna í *Den svarte vikingen*: Håvard Dahl Bratrein, *Høvding, jarl, konge: Nord-Norges politiske historie i vikingtid: ei annerledes fortelling*, Stamsund: Orkana forlag, 2018; Inger Storli, *Ottars verden – en reiseberetning fra 800-tallet*, Stamsund: Orkana Akademisk, 2018; Annika Bøstein Myhr, Maria Drangeid, Camilla Einerkjær, Karl G. Johansson, Sunniva Gjengedal Knapstad, Kristin Lorentsen, Karen Musæus, Camilla Helene Schäffer, Ane Norreen Thorsen, Johan Tønnesson og Sandra Theting Aarstrand, „Minne, glemsel og sjanger – Bergsveinn Birgissons Den svarte vikingen som identitetsskapende narrativ“, *Edda nr. 115* (2015): 312–325; Keighley,

að ekki sé neitt fræðilegt framlag að finna í mínu verki, eru allir þessir fræðimenn á villigötum. Þá er þetta lýsandi fyrir þversagnakennda aðferð Ásgeirs. Hann tekur rannsóknarniðurstöðu sem hvergi finnst nema í mínu verki, til dæmis varðandi umsvif Geirmundar heljarskinns á Hornströndum, og setur fram sem almenna þekkingu, og hefur það samtímis á orði að ekkert fræðilegt framlag sé þar að finna. Fræðileg tilgáta sem er orðin að almennri þekkingu er vitanlega meira en fræðilegt framlag í umræðu, það er fræðilegt framlag sem menn hafa tekið gott og gilt.

Ásgeir ber fyrir sig það sama og Helgi Þorláksson, og segir að ég vilji eigna mér ýmsa umræðu annarra sagnfræðinga, meðal annars hvað varðar rostungaveiðar: „Sú krafa Bergsveins [...] um að hann eigi höfundarrétt að einhverri rostungakenningu gengur því ekki upp.“

Ég á sem sagt að hafa gert sjálfan mig að upphafsmanni hugmyndarinnar um fyrstu landnámsmenn sem rostungsveiðimenn. Er þessu rækilega svarað í grein minni í *Sögu*, en þar kemur fram að ég nefni alla þá fræðimenn í *LSV*, og mun fleiri en gengur og gerist, sem varpað höfðu þessari tilgátu fram og teygist hún allt aftur til 19. aldar. Aðferðin sem bæði Helgi og Ásgeir beita er að þyrlla upp ryki og svara ekki mínum ásökunum beint, beina sjónum að stöku korni fremur en hlassi. Ásakanir mínar ganga vitanlega ekki út á annað en að Ásgeir tekur sértækar rannsóknir og túlkanir mínar, byggðar á hinni almennu tilgátu, og gerir að sínum.

Ásgeir fullyrðir að ásakanir mínar stafi af „vanþekkingu á heimildum“, heimildarvinna mín sé „hroðvirknisleg“. Síðan er ráðist á eina af mínum heildartilgátum (þó ekkert fræðilegt framlag sé að finna?) og skrifar Ásgeir: „Mér finnst tilgáta Bergsveins um að Geirmundur heljarskinn hafi komið á undan Ingólfi ekki vera trúverðug enda gengur hún gegn rituðum heimildum og er jafnframt í andstöðu við þær ályktanir sem ég set fram í bók minni.“

Hér gefur því að líta hinn fræðilega grundvöll sem Ásgeir byggir á: annarsvegjar er tilgáta ekki í samræmi við ritaðar miðaldaheimildir, og hinsvegjar ekki í samræmi við hans eigin rannsókn, og

---

Xénia, Snæbjörn Pálsson, Bjarni F. Einarsson, Ævar Petersen, Meritxell Fernández-Coll, Peter Jordan, Morten Tange Olsen og Hilmar J. Malmquist, „[Disappearance of Icelandic Walruses Coincided with Norse Settlement](#)“, *Molecular Biology and Evolution* 36(12) 2019: 2656–2667; Bjarni F. Einarsson, Hilmar J. Malmquist, Snæbjörn Pálsson og Ævar Petersen, „Rostungar við Ísland til forna – Mannvistfræði og menningarsöulegt gildi“, *Skírnir* nr. 196, (2022): 126–172; Gørill Nilsen, „Marine Mammal Train Oil Production Methods: Experimental Reconstructions of Norwegian Iron Age Slab-Lined Pits“, *Journal of Maritime Archaeology*, 2016, 1–27; Michèle Hayeur Smith, Kevin P. Smith og Gørill Nilsen, „Dorset, Norse, or Thule? Technological transfers, marine mammal contamination, and AMS dating of spun yarn and textiles from the Eastern Canadian Arctic“, *Journal of Archaeological Science* nr. 96 (2018): 162–174; Arnfrid Opedal, „Hafrsfjord og kampen om vikingtidens flåtebaser“, *VIKING – Norsk arkeologisk årbok LXXIX* (2016): 117–140; Terje Gansum, „II: 55 Norwegian Perspectives“, *Handbook of Pre-Modern Nordic Memory Studies*, vol. 1, ritstjórar Jürg Glauser, Pernille Herman og Stephen A. Mitchell, Berlin: De Gruyter, 811–817; Eldar Heide, „j Giardeyjar geíma. Eit hamnenamn i Halfs saga – med nogo attåt“, *NAMN OG NEMNE* nr. 30 (2013): 105–110; Dag Hovind, „Vellykkt møte mellom biografi og historie“, *Tekstualitet – Tidsskrift for fagprosa og allmenn sakprosa*, 11. nóvember 2014.

Þessvegna er tilgáta ótrúverðug. Þessu er til að svara: Ef fræðimaður beitir engri heimildarýni á miðaldatexta eins og t.d. *Landnámu*, en tekur þá á orðinu má afskrifa hans rannsókn sem vísindalega. Um þetta ríkir enginn ágreiningur meðal sagnfræðinga.

Hinsvegar má svara þeirri rökleiðslu, að ef eitthvað er ekki í samræmi við „ályktanir“ Ásgeirs Jónssonar geti þarafleiðandi ekki verið áreiðanleg tilgáta, þá fellst í þessu gegndarlaus hroki sem sýnir Ásgeir sem einskona páfa yfir túlkun á miðaldasögu. Þetta er annars í samræmi við hvernig komið er fyrir Íslandi. Fyrirtæki sem hafa „heiðarleika“ í sínu vörumerki, má treysta að séu óheiðarleg. Sá maður sem skrifar í sínum andmælum að bók hans sé „skrifuð af fullkominni auðmýkt gagnvart þeim mörgu sem hafa fjallað um landnámið á undan mér“, er einmitt sá sem sýnir hinn algera hroka þegar á hólminn er komið. Hið grátlega í þessu er að það er nákvæmlega engin innistæða fyrir slíkri sýn Ásgeirs á málið.

#### *Svör við andmælum Ásgeirs lið fyrir lið*

1

Ásgeir skrifar að hann hafi aldrei lagt *EHI* fram sem fræðirit, og segist hafa lýst bókinni opinberlega sem „leikmannsþanka“. Þessu er svarað í greininni í *Sögu*, en í stuttu máli gengur þessi afsökun í berhögg við höfundarhugsun bókarinnar sem er með fræðilegu sniði, og vonast er til að marki upphaf að „nýrri umræðu um landnám Íslands“. Auk þess fríar það engan ábyrgð frá því að geta heimilda þar sem vísað er í rannsóknir annarra fræðimanna, hvað svo sem menn kalla bók sína eftir á. Þá segist Ásgeir ekki vilja eigna sér það sem frumrannsókn þegar hann vísar til „alkunnrar og viðurkenndrar sögulegrar þekkingar“. Ekki er verið að brigsla Ásgeiri um að stela alkunnri og viðurkenndri þekkingu. Ásgeir hefur hinsvegar tekið sértækar rannsóknir, tilgátur og túlkanir úr bók minni og annaðhvort gert þær að sínum eigin eða að almennri þekkingu eins og rakið er í *Sögu* og hér að ofan.

2

Hér tiltekur Ásgeir þar sem ég segi í minni greinargerð „Stolið og rangfært“, að tilgátur mínar endurómi í bók hans án þess að hann geti verka minna. Í stað þess að svara málefnalega endurtekur að bók mín hafi „takmarkað ef nokkurt sjálfstætt fræðilegt framlag“ og beri að líta á sem sögulega skáldsögu, og því sé það ekki skylda neins að vitna í *LSV* þegar ritað er um landnámið. Þessu var svarað hér að ofan. Önnur rök Ásgeirs eru þau að „plottið í *Eyjunni hans Ingólfs* gengur algerlega



gegn boðskap LSV.“ Ekki er ljóst hvaða „plott“ Ásgeir á við, en þegar kemur að veiðiþræla-  
viðskiptalíkani Geirmundar og rostungsveiðar hans, Katli gufu, Hrafna-Flóka, Hjör á Ögvaldsnesi eða  
rostungsferðum frá Suður-Noregi til Bjarmalands og fleiri atriðum, er algert samfall milli boðskapar  
LSV og *EHI*. Um það snýst málið.

3

Næst kemur Ásgeir inn á það efni þar sem ég taldi hann byggja á mínum rannsóknum um  
efnahagsmódel veiðimenningar. Hann skrifar sem málsvörn: „Þetta „efnahagsmódel  
veiðimenningar“ getur heldur ekki talist tilgáta sem nokkur einn maður getur lýst eignarrétti að  
heldur hefur lengi verið viðtekin söguskoðun líkt og álitserð Helga Þorlákssonar staðfestir“.

Eins og fram kemur í *Sögu*-greininni endurómar umfjöllun mín um þrælahald Geirmundar og veiðar á  
sjávarspendýrum í hugtaki hans um „veiðiþræla-viðskiptalíkan“ sem Geirmundur heljarskinn á að  
hafa tekið „alla leið“. Ásgeir tengir þetta „líkan“ ekki bara við Geirmund heljarskinn, heldur líka Ketil  
gufu og Hrafna-Flóka, eins og ég gerði fyrstur manna í *LSV*. Búið er að gera grein fyrir muninum á  
almennum hugmyndum um rostungsveiðar landnámsmanna, og sértækum túlkunum mínum sem  
byggja á þeim hugmyndum sem hér um ræðir.

4

Skoðum þetta lið fyrir lið. Ásgeir skrifar: „Enga langa endursögn er að finna í *Eyjuni hans Ingólfs* á  
umfjöllun um kjöraðstæður fyrir rostunga við Ísland.“

Svar: Í *EHI* bls. 42 stendur skrifað: „Markmiðið [með komu t.d. Garðars Svavarssonar] var augljóslega  
ekki landnám eða föst byggð heldur mun frekar veiðar og þá væntanlega helst á rostungum.  
Strendur Íslands eru kjörnar fyrir rostunga sem lifa á skeldýrum og óyggjandi heimildir eru fyrir því að  
hér hafi verið mjög stór rostungsstofn við landnám. Rostungsaðurir voru í mjög háu verði erlendis.  
Tennur þeirra voru kallaðar fílabein norðursins, húðirnar notaðar í skipsreiða og spikið var einnig  
gulls ígildi ...“

Ásgeir kemur síðan aftur og aftur að þessari söguskoðun í bók sinni. Því er þetta tilraun til að nota  
rök Helga, að þetta sé ekkert aðalatriði í bókinni, og því megi hann kynna þessa söguskoðun sem sína  
eigin eða sem almenna þekkingu. Í íslensku samhengi, sem ég reikna með að hér sé verið að ganga út  
frá, voru þessar afurðir rostungs og annarra sjávarspendýra, húðir og lýsi, fyrst raktar nákvæmlega í  
*LSV*, en auk þess kom fram í *LSV* hvernig skeldýrasvæði Breiðafjarðar og undan Hornströndum falla  
að landnámssvæðum Geirmundar.

Ásgeir skrifar: „ þeirra Naddodds og Hrafna-Flóka er aðeins getið einu sinni í framhjáhlaupi [þ.e. í LSV].“

Þetta er rangt. Ég byrja umfjöllun mína um Ísland og veiðimenningu Geirmundar þar með því að vísa í það sem segir í *Landnámabók* um „seyði“ (soðholur) og veiðiskap Hrafna-Flóka og féлага (LSV, 226). Í endamálsgrein nr. 475 tiltek ég fund á tveimur rostungstönnum á Brjánslæk og fjalla um soðgryfjur Hrafna-Flóka. Þetta geri ég eftir að hafa rækilega fjallað um hellusteinsgryfjur (Hvalgrafir, seyði) sem nýttar voru til að bræða lýsi úr spiki rostunga og sela (LSV, 239–242). Maður þarf ekki að vera spámannlega vaxin til að sjá hvaðan Ásgeir hefur hugmyndina um Hrafna-Flóka sem rostungsveiðimann.

Hér skrifar síðan Ásgeir um tilgátu mína um að Geirmundur hafi verið í forsvari fyrir sinn flokk: „Það er rökstutt með eftirfarandi setningu á bls. 195 í LSV sem er að [svo] dæmigerð fyrir það hvernig að tilgátur eru settar fram í þeirri bók: „*Heimildir gefa enga ástæðu til að efast um að Geirmundur hafi frá fyrstu stund verið útvalinn til að leiða þetta framtak.*“ Svo mörg voru þau orð.“

Hér vil ég benda á umfjöllunina í LSV um þessa tilgátu sem er rökstudd í gegnum bæði Írlandshluta og Íslandshluta minnar bókar (bls. 160–327), en alls ekki einungis með þessari setningu. Rökin fyrir þessu koma beinlínis fram í gegnum það landnámsmynstur sem ég dreg upp í bókinni, hvernig bær Geirmundar myndar landnámsmiðjuna, hvernig allar flutningsleiðir enda við höfuðból og hafnir Geirmundar, og hvernig fjölmargar heimildir staðfesta Geirmund sem leiðtoga þeirrar starfsemi sem hann kom á fót á Íslandi. Inn í þetta spila einnig sagnir af öllum þeim mönnum sem voru „hinn fyrsta vetr með Geirmundi“, og hann „vísar til landa“ eða gefur lönd eða bú, og tel ég það vísa til hlutverks þess sem þeir fá í landnámsfyrirtæki Geirmundar. Þannig heitir það með Örlyg Böðvarsson: „gaf Geirmundr honum bú í Aðalvík“, <sup>82</sup> sem ég túlka sem svo að hafi þjónað sem ármaður Geirmundar á Hornstöndum vegna aðalflutningsleiðar frá Aðalvík og inn Djúpið og yfir til Breiðafjarðar. Það er því grófur misskilningur á mínu framlagi til fræðanna, þegar Ásgeir skrifar undir pkt. 13 í sínum andsvörum: „*Landnáma* er mjög skýr varðandi það atriði að Geirmundur hafi gefið frá sér bú sín á Hornströndum til Örlygs Böðvarssonar“.

Enn og aftur er hér um að ræða blinda trú Ásgeirs á *Landnámu* sem fullgilda sagnfræðilega heimild og það nýtt sem rök gegn minni heimildarýni. Í þessu samhengi má spyrja hvernig Geirmundur gat haft tekjur af búum sínum á Hornströndum eða almennt á Vestfjörðum eða við Breiðafjörð, ef hann hefði „gefið“ þau burt til hinna ýmsu manna, eins og *Landnáma* greinir frá. Ef trú á því, eins og Ásgeir greinilega gerir, að Geirmundur hafi haldið 80 manna varðlið og átt hundruð þræla, þ.e. tekið,

---

<sup>82</sup> *Íslendingabók – Landnámabók*, bls. 196.

með hans orðum, „veiðipræla-viðskiptalíkan“ alla leið, verða tekjur til slíks fyrirtækis að koma frá einhverjum stað. Undrast má að hagfræðingnum beri ekki gæfu til að skilja þetta. Má til gamans geta þess, að hér er um föður umrædds Ketils gufu að ræða, sem einnig fékk nýtt „hlutverk“ í fyrirtæki tengdaföðursins eins og rakið er í LSV.

En eins og sjá má á þessu tiltekna dæmi, er hér ekki um samræðu milli fræðimanna að ræða sem verður fræðunum til nokkurs gagns, heldur einbeittan vilja til að slíta hluta úr minni rannsókn úr samhengi og rakka þá parta niður í fálmandi tilraunum til að hrekja af sér ásakanir um ritstuld.

5

Hér snýst málið um tilgátu mína að rostungsferð Hjörs konungs til Bjarmalands, og var vörn Helga Þorlákssonar svarað hér að ofan. Ásgeir bætir engu sjálfur við röksemdir Helga.

6

Hér tekur Ásgeir fyrir þá staðreynd að hann birtir Geirmund heljarskinn í forsvari fyrir rostungsveiðimenningu á Hornströndum. Rök hans eru þessi: „Búskapur á Hornströndum hefur frá upphafi byggst á sjávarnytjum“. Þessi hugmynd um sjávarnytjar og veiðimenningu Geirmundar er hvergi að finna í miðaldaheimildum eða seinni tíma rannsóknum. Er þessu skilmerkilega svarað í *Sögu*-grein, en undrið hér er hvernig Ásgeir notar niðurstöður minna rannsókna sem rök gegn mér.

7

Hér svarar Ásgeir um Ketil gufu, og er bæði skáldlegri textafræði hans og niðurstöðum svarað skilmerkilega í *Sögu*.

8

Í minni upprunalegu greinargerð á Vísi hafði ég skrifað: „*Áðurnefnt «veiðipræla-viðskiptalíkan» sem Ásgeir setur þarna fram í eigin nafni, er síðan notað sem skýring á landnámi margra annarra, til dæmis Hjörleifs og Ingólfs: «Sú ákvörðun Ingólfs að slá eign sinni á allt Reykjanesið lýsir líklega því sama. Hann var að tryggja sér veiðilendur» (bls. 50).*

Andsvar Ásgeirs gengur hinsvegar út á að hann hafi alls ekki meint þetta, að þetta hafi snúist um góða höfn og landbúnaðarsvæði. Að rostungsveiðar þræla séu „ekki hluti af meginefni bókarinnar“. Samskonar rökleiðslu sáum við hjá Helga Þorlákssyni, og er svarað í *Sögu*, ef við reynum að orða þetta yrði það í líkingu við eitthvað eins og: „allt í lagi að stela ef maður bara stelur smá.“

9

Ásgeir skrifar: „Nánar er síðan fjallað um þau Hjör og Ljúfvinu í *Melabók Landnámu* þar sem ætt hans er tengd við Ögvaldsnes og sagt berum orðum að þau hafi dvalist á Rogalandi. Það er því algerlega augljós ályktun í ljósi þess að Hjör konungur átti ríki á Rogalandi að hann hafi setið á Ögvaldsnesi líkt og aðrir konungar Rogalands bæði fyrir og eftir hans tíð“.

Þar sem þetta bætir engu við röksemdir Helga Þorlákssonar, sem svarað var að ofan, vísa ég til umfjöllunar þar. Rétt er að árétta að hér er átt við gömlu *Melabók* (í AM 445 b, 4to) þar sem Ásgeir gerir ekki greinarmun á Þórðarbók og *Melabók*, og vísaði ég til hennar í *LSV* varðandi mögulegan konungsgarð Hjörs, sem var samkvæmt ættartölum uppi a.m.k. 500 árum eftir Ögvald, og er um a.m.k. fjóra konungsgarða í Rogalandi einu að ræða, svo ekki sé minnst á Hörðaland. Eins og kom fram skrifar Ásgeir síðar að Geirmundur heljarskinn hafi „kom[ið] frá Hörðalandi“, <sup>83</sup> en það er fylkið norðan við Rogaland. Er það dæmi sem bendir til þess að Ásgeir byggir á rannsóknum annarra en ekki eigin hugsun, þegar hann fullyrðir um bæ Hjörs konungs annarsvegar og hvaðan Geirmundur kom hinsvegar. Fornir textar eru allir á einu máli um að hann og bróðir hans hafa alist upp í föðurranni og að tilgáta um eitthvað annað er því gersamlega út í bláinn. Hann vísar til greinar eftir Dagfinn Skre, sem ekki tengir Hjör við Ögvaldsnes, og, eins og getið var, hann virðist ekki hafa lesið þó hann vísi í.

10

Hér heldur Ásgeir því fram að ég telji mig hafa eignarrétt yfir umfjöllun um bandalag norrænna manna við írsku konunga, en það er hin mesta firra. Ég hafði hinsvegar bent á mikinn samhljóm í umfjöllun minni og Ásgeirs er kom að umfjöllun hans um norræna menn í vesturvegi, og nefndi ég atriði því til stuðnings hér að ofan er varðaði grafarrán Ólafs hvíta og Ívars beinlausa. Annað varðar tengslanetið sem ég gróf upp úr heimildum og birti í mínu verki, milli Ketils flatnefs, Hjörs konungs, Eyvindar austmanns, Kjarvals og Ólafs hvíta. Rétt er að geta þess að þetta tengslanet er ekki mitt, því

---

<sup>83</sup> *EHI*, 123.

það má finna með því að teikna upp og treysta upp að vissu marki miðaldaheimildum, einkum ef ættfræðin er samhljóma í heimildum. Hitt er ljóst að það hafði ég gert fyrst í tengslum við þá sögu sem ég var að grafa upp og setti fram í kortum og yfirlitsmyndum. Þegar Ásgeir skrifar í EHI: „Tengslanet Eyvindar austmanns er sérstaklega áhugvert“ (EHI bls. 122), hefði hann því, eins og ég bendi á upprunalega, mátt geta þess að einn fræðimaður hefði fjallað sérstaklega um þetta tengslanet, þá út frá því siðferði sem almennt tíðkast, að geta nýlegra rita sem hafa að geyma markvert framlag til rannsóknarsviðsins. Ásgeir kynnr hinsvegar efnið eins og hann sé fyrstur manna til að koma auga á og fjalla um þetta tengslanet norrænna manna.

#### *Um atriði 11–14*

Að lokum eru rakin nokkur smáatriði í minni upprunalegu greinargerð, sem eru blásin út sem jafn mikilvæg og önnur, alltaf með það að markmiði að þyrlla ryki í augu leikmanna sem örðugra eiga með að gera greinarmun á slíku. Eitt þessara (pkt. 11) varðar túlkanir mínar á Eyvindi austmanni, sem mér hafði yfirsétt að var kallaður „landvarnarmaður“ í *Grettis sögu*, annað varðar Örn í Arnarfirði. Ég hafði beðist opinberlega afsökunar á bæði Facebook-vegg mínum og Ásgeirs þann 16. desember 2021 varðandi þá staðreynd að Örn er kallaður frændi Geirmundar heljarskinns í Sturlubók og Hauksbók *Landnámu*. Ég hafði hinsvegar reynt að gefa tóninn að heilbrigðum samskiptum og ritað afsökunarbeiðnina þrátt fyrir að atriðið skiptir engu máli í hinu stóra samhengi. Rétt skal þó vera rétt.

Það hefur hinsvegar verið einkar áhugavert að sjá hversu mikinn mat menn hafa gert sér úr þessari yfirsjón, en ef nokkurt heilbrigði væri á samskiptum ætti atriðið að vera úr sögunni þegar beðist hefur verið afsökunar á því opinberlega. Helgi notar þetta hinsvegar í sinni álitsgerð frá 6. janúar og Ásgeir tiltekur þetta tvisvar í sínum andmælum, ekki bara með fjálglegu orðalagi, heldur stillir hann þessu upp sem smiðshöggi sinnar varnarræðu.<sup>84</sup> Eru ofantalin viðbrögð til að styrkja þá trú að hér sé við ákveðið hugarfar að eiga, fremur en einfaldar yfirsjónir af hendi Ásgeirs.

Í pkt. númer 12 reynir síðan Ásgeir að sýna fram á hvernig mín tilgáta um tímasetningar á umsvifum Geirmundar hafi ekki við nein rök að styðjast, og eru rökin enn á ný þau sömu, að tilgátan gengur „algerlega í berhögg við frásögn *Landnámu*“. Er þessu svarað hér að ofan og vart þörf á að endurtaka að þetta eru engin vísindaleg rök, en að baki rannsóknum mínum á *Landnámu*, og hvernig mögulega megi nota frásagnarbrot þaðan sem sagnfræðilegar heimildir, hafði ég þróað eigin gerð heimildarýni sem ég kalla „raun-rýni“ og er þessari aðferð beitt á miðaldaheimildir gegnum allt mitt verk.

---

<sup>84</sup> Ásgeir Jónsson, „Fjórán rangfærslum, „Missir Melabókar og meira til“ og pkt. 14.

Í atriði 13 er síðan sama upp á teningnum. Þau vensl sem ég sýndi fram á milli Geirmundar og Örlygs í LSV gengu út á það að Örlygur „var enn fyrsta vetur með Geirmundi heljarskinn“ (Sturlubók kap. 155 og Hauksbók kap. 125), og því túlkaði ég það sem venslin væru að öðrum þræði viðskiptalegs eðlis, þegar áfram er sagt að „gaf Geirmundur honum bú í Aðalvík“, að þá sé Geirmundur í raun að staðsetja hann þar sem hann gat orðið fyrirtæki hans að mestu gagni þegar hann stundaði veiðar á Hornströndum (eins og Ásgeir hefur eftir mér). Þetta spilar inn í þá staðreynd að hugsunin að baki *Landnámabók* er sú að kynna alla tilgreinda landnámsmenn sem sjálfstæða á sínum bæ, og ekki í neinum venslum við aðra, og jafn valdamikla (þ.e. flatir valdastrúktúr). Er þessi framsetning *Landnámu* hvorki í samræmi við fornleifar né aðrar rannsóknir, og því er ég gagnrýnin á þessa framsetningu, einkum þegar fletta má ofan af annars konar tengslum milli svokallaðra „sjálfstæðra“ landnámsmanna. Annað er það að Geirmundur varð að skipa ármann sem hann gæti treyst norður á Hornströndum.

Rök Ásgeirs: „*Landnáma* er mjög skýr varðandi það atriði að Geirmundar hafi gefið frá sér bú sín á Hornströndum til Örlygs Böðvarssonar.“

Eins og sjá má er hér ekki um neinskonar samræðu að ræða og hef ég því ekki áhuga á að elta ólar við varnarræðu Ásgeirs lengur, enda er öllum atriðum í hans varnarræðu hér með svarað. Ég tel að með grein minni í *Sögu* og síðari hluta greinar hér, hafi ég sýnt fram á, svo ekki verður um villst, bæði ritstuld (plagíarisma) og óvönduð vinnubrögð dr. Ásgeirs Jónssonar.

*Dr. art. Bergsveinn Birgisson*